


Norrænn þráður
á Jazzhátíð



Juan leitar að
auðum veggjum



Menning > 18

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

163. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 12. AGÚST 2022



Foreldrar og ung börn komu saman í Ráðhúsi Reykjavíkur í morgun til að mótmæla úrræðaleysi í dagvistunarmálum í borginni. Borgarstjóri sagðist vonast til þess að geta veitt svör eftir viku en að vandamálið væri fjölpætt. Foreldrar sögðust orðnir örvæntingarfullir og vilja sjá úrlausnir í stað útskýringa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fiskverð komið að sársaukamörkum

Aðstæður á fiskmörkuðum eru fordæmalausar og fiskverð í hæstu hæðum. Í Bretlandi hefur verð á íslenskum fiski stökkbreyst.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Fiskverð á Íslandi er komið upp að sársaukamörkum og hefur rokið upp að undanfögnu. Hluti af skýringunni eru árstíðabundnar aðstæður en eftirspurnin eftir fiski hefur stórkæmt, meðal annars vegna stríðsins í Úkraínu.

„Fiskverð hefur sennilega aldrei verið jafn hátt og núna. Ekki í gegnum okkar kerfi,“ segir Bjarni Rúnar Heimisson, framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða sem

stofnuð var árið 1992. Þar fara um 20 prósent alls íslensks bolfisks í gegn, meira á sumrin þegar strandveiðar eru í gangi.

Í vor fór kílóverðið á óslægðum þorski undir 300 krónurnar en nú er verðið vel á sjöunda hundrað krónur. Árlega hækkar verðið þegar strandveiðarnar klárast, sem var 22. júlí í ár, og er verðið almennt hátt á haustin. Aðstæðurnar núna eru þó einstakar því annað árið í röð hefur þorskvótinn verið lækkaður og eftirspurnin erlendis er gríðarleg vegna minna framboðs frá Rússlandi vegna stríðsins.

„Það eru allir að þrýsta á að fá meiri fisk,“ segir Bjarni en telur þó að verðið sé komið upp að sársaukamörkum neytenda. „Ég sé ekki fyrir



Fiskverð hefur sennilega aldrei verið jafn hátt og núna.

Bjarni Rúnar Heimisson, framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða

mér að verðið hækki mikið meira. Í fyrra vorum við í háum verðum fram í októberbyrjun. Þá fóru verðin að sveiflast, aðallega eftir veðri.“ Byst hann við að hið háa verð haldist næstu vikurnar.

Á fiskmarkaðinum í Grimsby í Bretlandi hefur íslenskur þorskur og ýsa tvöfaldast í verði. Meðalkílóverð þorsks náði allt að 7,2 pundum á mánudag. Það er tæplega 1.200 krónur. Meðalverð síðustu ára er aðeins 3 pund eða 500 krónur á þessum árstíma.

Ýsan hefur hækkað álíka mikið. Hún hefur vanalega selst á 3,5 pund kílóíð en á mánudag seldist ýsan á 7,8 pund, nærri 1.300 krónur. Í báðum tilvikum er um rúmlega tvöföldun kílóverðs að ræða.

Breskir fiskisalar hafa áhyggjur af því að verðhækkunir séu svo miklar að neytendur hætti einfaldlega að kaupa fisk. Sérstaklega þjóðarréttinn fisk og franskar, sem Bretar séu vanir að sé ódyr matur. ■

Starfsmannabúðir grotna niður við álver Fjarðaáls

STÓRIÐJA Starfsmannabústaðir fyrir starfsfólk sem vann að byggingu álversins á Reyðarfirði fyrir 17 árum hafa enn ekki verið fjarlægðir af lóð Fjarðabyggðar, heldur grotna þar niður með tilheyrandi áhrifum á ásýnd og umhverfi.

Alcoa Fjarðaál ber ábyrgð á hreinsun svæðisins og hefur itrekað endurnýjað heimildir fyrir notkun á svæðinu og framlengt hreinsunarfrestinn. Útivistarsvæði með gönguleiðum liggur að lóðinni en á myndum af svæðinu má sjá raftæki á víðavangi, brotnar rúður, á annan tug túbúsjónvarpa og annað drasl á víð og dreif um svæðið. **SJÁ SÍÐU 8**

Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með allt að 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is/skodasalur



ŠKODA
SIMPLY CLEVER

Rússar vanvirði sjálfir eigin fána

adalheidur@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR „Það kemur nokkuð á óvart hversu hörundsárir fulltrúar rússneskra stjórnvalda eru gagnvart þessari myndbirtingu,“ segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra um kröfur rússneska sendiráðsins gagnvart ritstjórn Fréttablaðsins vegna myndbirtingar af rússneska fánanum. Þórdís segist þó sjálf hvetja til þess að komið sé fram af virðingu við þjóðfána. „Ég vil þó líka taka fram að ég tel að meiri vanvirðing við rússneska fánann felist í þeim hryllilegu og ómanneskjulegu glæpum sem framdir eru vísitandi af stjórnvöldum Rússlands um þessar mundir í nafni þjóðarinnar og undir þessum sama fána,“ segir hún.



Það kemur nokkuð á óvart hversu hörundsárir fulltrúar rússneskra stjórnvalda eru.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Ritstjórn Fréttablaðsins hefur hafnað kröfu sendiráðsins um afsökunarbeiðni og hefur netárs, sem gerð var á vef blaðsins í gær, verið færð til lögreglu. Rannsókn á árásinni er þegar hafin. ■

Fréttalestri er lokið



Samstarfsfólk Eddu Andrésdóttur á fréttastofu Stöðvar 2 fagnaði með henni í gærkvöldi eftir að hún hafði lokið við að lesa sína síðustu frétt. Edda hefur starfað í fjölmiðlum í hálföld og í rúm þrjátíu ár á Stöð 2 og lætur nú gott heita af fréttalestri. Aðspurð segir Edda að næsta mál á dagskrá sé tiltekt í bílskúrnum. Rætt er við hana á Tímamótasiðu blaðsins. **SJÁ SIÐU 14**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leynd yfir gagnaveri á Bakka

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Byggðarráð Norðurlandsbyggðar fundaði í gær með erlendu fyrirtæki sem heitir Tesseract um áætlanir um að koma upp gagnaveri á iðnaðarsvæðinu á Bakka. Mikil leynd hvílir yfir viðræðunum og hvorki Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri né Hafrún Ólgeirsdóttir, formaður byggðarráðs, vildu tjá sig um þessar viðræður.

Að því er Fréttablaðið kemst næst er Tesseract bandarískt tæknifyrirtæki sem hefur áform um að koma upp gagnaveri á Íslandi.

Aðspurð um framtíðarsýn bæjarstjórnar á Bakka segir Hafrún að bæjarstjórn sé tilbúin að ræða við alla um hugmyndir að uppbyggingu. Katrín segir að forsenda viðræðna sé að viðkomandi sé með viljrði frá Landsvirkjun um orkuöflun. Vildi hún hins vegar ekki



Iðnaðarsvæðið á Bakka.

MYND/JÓHANN K. JÓHANSSON

segja hvort Tesseract hefði fengið slíkt loforð.

Meirihluti starfsemi núverandi gagnavera á Íslandi er námagröftur fyrir rafmyntir en Fréttablaðið hefur ekki vitneskju um hvort Tesseract hyggist grafa eftir þeim eða leigja út sitt rými til þess. Landsvirkjun hefur gefið það út að ekki verði frekari orka veitt til þess að grafa eftir rafmyntum. ■

Rafskútur frá Zolo og Hopp hægja á sér á Laugaveginum

Rafskútur frá bæði Zolo og Hopp fara nú hægja á Laugavegi en á öðrum svæðum borgarinnar. Til stendur að svokallað hægsvæði verði stækkað á Menningarnótt.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Hámarkshraði rafskúta á Íslandi er 25 kílómetrar á klukkustund. Á Laugavegi fara rafskútur frá bæði Zolo og Hopp þó ekki hraðar en á fimmtán kílómetra hraða.

„Skúturnar komast alls staðar annars staðar á allt að 25 kílómetra hraða en svo þegar komið er inn á þetta svokallaða hægsvæði dregur skútan úr hraðanum og kemst ekki hraðar en á fimmtán. Svo þegar þú ert komin út af svæðinu þá kemstu aftur hraðar,“ segir Adam Karl Helgason, framkvæmdastjóri Zolo.

Hægsvæðið hjá Zolo er frá Bankastræti upp Laugaveginum og Snorrabraut en hjá Hopp er svæðið minna. „Hjá okkur er þetta stuttur kafli neðst á Laugaveginum og Bankastrætið og aðeins þar í kring,“ segir Eyþór Máni Steinarsson, framkvæmdastjóri Hopp.

Bæði Adam og Eyþór segja ástæðuna fyrir hægsvæðunum mikla umferð gangandi vegfaranda. „Þetta er gert til að draga úr líkum á því það verði slys, þarna er svo mikil traffík af gangandi fólki,“ segir Adam.

Eyþór segir að í gegnum tíðina hafi Hopp verið með mótstöðu gegn því að setta séu hraðatakmarkanir á leigurafskútur. „Það skapar ákveðið ójafnvægi ef okkar viðskiptavinir þurfa að draga úr hraðanum en fólk sem er á sínu eigin hjóli eða bíl getur farið hraðar,“ segir hann.

„En núna er traffíkin bara orðin þannig, með um 3.000 skútum frá okkur á höfuðborgarsvæðinu og



Rafskúturnar frá Zolo og Hopp eru samtals um fjögur þúsund á höfuðborgarsvæðinu og notendur telja tugi þúsunda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á Menningarnótt stendur til dæmis til að stækka svæðið og minnka hraðann enn meira.



Eyþór M. Steinarsson, framkvæmdastjóri Hopp



Adam Karl Helgason, framkvæmdastjóri Zolo

þúsund frá Zolo og mikilli umferð gangandi, að ég held að það sé eðlilegt að draga úr hraðanum þarna,“ bætir hann við.

Adam segir að vel sé hægt að setja hraðatakmarkanir á skúturnar hvar sem þörf þyki á. Þeir Eyþór eru þó

sammála um að í Reykjavík sé þess ekki þörf annars staðar en á Laugavegi. „Á Menningarnótt stendur til dæmis til að stækka svæðið og minnka hraðann enn meira, alveg niður í tíu kílómetra hraða á svæðinu frá Sæbraut alveg að Hringbraut í sólarhring,“ segir Adam, en Menningarnótt fer fram í Reykjavík þann 20. ágúst næstkomandi.

„Á Menningarnótt eru yfir 100 þúsund manns í miðbænum og þá er alveg eðlilegt að setja takmörk á hraðann. Það vinna allir að því saman að svona dagar gangi upp og haga sínum rekstri eftir því, við, strætó, lögreglan og borgin, svo dæmi séu tekin,“ segir Adam. ■

Laugardaga kl. 10.00



www.hotelbokanir.is/lifid-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Ásgeir Bolli Kristinsson er næsti gestur hlaðvarpsins.



NÝR LAND ROVER DISCOVERY

GERIR HVERJA FERÐ AÐ ÆVINTÝRI



ABOVE & BEYOND



FJÖLHÆFASTI SJÖ SÆTA JEPPINN Á MARKAÐNUM

Discovery er einn öflugasti jeppinn í Land Rover fjölskyldunni. Nú kynnum við nýja árgerð þar sem búið er að nostra við smáatriðin og færa þennan fágaða og fjölhæfa sjö sæta jeppa enn nær fullkomnun en áður. Komdu og skoðaðu tæknina, kraftinn og glæsilega hönnun.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

LAND ROVER DISCOVERY 250D 6CYL SE

Verð frá: 14.790.000 kr.

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Boða blaðamenn aftur í skýrslutöku

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur boðað fjóra blaðamenn, sem hafa réttarstöðu sakbornings vegna meintra brota á friðhelgi einkalífs, til skýrslutöku að nýju. Þetta kom fram á vef RÚV í gær.



Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans

Málið tengist svokallaðri skæruliðadeild Samherja en lögreglan hefur til rannsóknar þjófnad á gögnum úr síma skipstjóra hjá fyrirtækinu, sem urðu uppspretta fjölmiðlaumfjöllunar í fyrra.

Teknar voru fyrst skýrslur af blaðamönnum vegna málsins í febrúar síðastliðnum. Samkvæmt frétt RÚV hafa tveir blaðamenn Kjarnans þegar mætt til skýrslutöku, Þórður Snær Júlíusson og Arnar Þór Ingólfsson, en hvorki Þóra Arnórsdóttir á RÚV né Aðalsteinn Kjartansson blaðamaður á Stundinni. ■



Um er að ræða fyrsta áfangaheimilið fyrir konur á vegum borgarinnar.

Opna heimili fyrir konur á Njálsgötu

erlamaria@frettabladid.is

REYKJAVÍK Fyrsta áfangaheimilið fyrir konur á vegum Reykjavíkurborgar var opnað í gær. Þar geta allt að þrettán konur dvalið í einu.

Markmiðið er að bjóða konum sem hafa hætt í neyslu öruggt heimili, stuðning og aðhald.

„Opnun áfangaheimilis fyrir konur er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við heimilislausar konur í Reykjavík. Þeim er boðið skjól og öryggi þar sem þeim er mætt á þeirra forsendum,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar. ■

Fer að verða tímabært að líta á Covid sem flensu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Már Guðmundsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítala og formaður farsóttanefndar, segir að nú sé að verða tímabært að líta á Covid-19 sem „venjulega flensu“.

„Kórónaveiran mun aldrei hverfa, hún er komin til að vera,“ segir Már. „Bæði ég og Þórólfur og fleiri höfum sagt það að veiran muni vera með okkur og með tímanum verði veikindin mildari og mildari og kannski er það farið að gerast núna.“

Í gærmorgun lágu 24 einstaklingar með Covid-19 á Landspítala, einn þeirra í öndunarvél á gjörgæsludeild. Már segir álagið á spítalanum koma í hrinum. „Núna eru tiltölulega margir veikir hérna en það var ekki þannig fyrir nokkrum dögum. Þegar það koma upp smit hjá hópum sem standa höllum fæti þá sjáum við það,“ segir Már.

Hann segir að veikindi séu misjöfn hjá þeim sem smitast, enn sé það þannig að sumir verði mikild veikir en aðrir ekki. „Þetta snýst alltaf um það að ef þú stendur höllum



Már Guðmundsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítala og formaður farsóttanefndar

fæti heilsufarslega þá getur tiltölulega vægur atburður, eins og það að fá kórónaveiru, steypt þér en þetta á líka við um aðrar veirusýkingar og flensur.“

Már segir enn tvímælalaust mikilvægt að fólk fari varlega og hugi að sóttvörnum, hann hefur þó sterka tilfinningu fyrir því að fólk sé rólegra nú en fyrr í faraldrinum. „Það eru náttúrulega bara hagsmunir hvers og eins að fara varlega, þá eru minni líkur á því að fólk smitist. En það að halda að allir fari varlega er bara útópía held ég.“ ■

Fimmtán hundruð Rússar komið til landsins síðan Úkraínustríðið hófst

Forseti Úkraínu og forsætisráðherra Finnlands hafa kallað eftir hömlum á ferðalög rússneskra ríkisborgara á Vesturlöndum. Utanríkisráðherra Íslands vill aðeins þvingunaraðgerðir gegn efnum Rússum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Bann eða hömlur á komum rússneskra ríkisborgara til Íslands hafa ekki komið til skoðunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Ekki heldur innan utanríkisráðuneytisins enn sem komið er.

Krafan um að för rússneskra ferðamanna verði heft verður sífellt háværari í Evrópu. Volodímír Zelenskij, forseti Úkraínu, hefur kallað eftir því að Vesturlönd banni rússneska ferðamenn. „Rússar ættu að fá að vera í sinni eigin veröld þar til þeir breyta sínu hugarfari,“ sagði hann í viðtali við Washington Post.

Þá hefur Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, einnig kallað eftir að Evrópa neiti Rússum um vegabréfsáritanir. „Það er ekki réttlátt að Rússar fái að lifa edlilegu lífi og ferðast til Evrópu á meðan þeir heyja grimmilegt árásarstríð í álfunni,“ sagði Marin í sjónvarpsviðtali. Kaja Kallas, forsætisráðherra Eistlands, hefur tekið í sama streng.

Evrópuþjóðir hafa sett á bann við rússneskum flugvélum og hafnbönn á skip en Rússar geta þó enn farið yfir landamæri. Fjöldi Rússa hefur streymt yfir landamærin til bæði Finnlands og Eistlands síðan stríðið hófst og geta þaðan farið með flugvél hvert sem er.

Samkvæmt tölum Ferðamálastofu hafa 1.527 rússneskir ferðamenn komið til Íslands á undan-



Rússneskar flugvélar mega ekki lenda í Keflavík en Rússar komast í gegnum önnur lönd til Íslands. 1.527 Rússar hafa komið á hálfu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það er ekki réttlátt að Rússar fái að lifa edlilegu lífi og ferðast til Evrópu á meðan þeir heyja grimmilegt árásarstríð í álfunni.



Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands

förnum sex mánuðum, það er síðan innrás Rússa í Úkraínu hófst. 616 Rússar komu til Íslands í júlí. Aðeins rúmlega 200 rússneskir ríkisborgarar eru búsettir á Íslandi.

„Ég tel rétt að beita þrýstingi meðal annars með því að torvelda aðgang efnaðra Rússa að vestrænum munaði, og þar koma ferðalög vissulega til álita,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra spurð að því hvort hún myndi styðja bann eða hömlur á komur rússneskra ríkisborgara til Íslands. Telur hún mikilvægt að ríki séu samstíga í beitingu þvingunaraðgerða.

„Á móti þessum sjónarmiðum þarf að hafa í huga að fjölmargir íbúar Rússlands eru mótfallnir



Ég tel rétt að beita þrýstingi meðal annars með því að torvelda aðgang efnaðra Rússa að vestrænum munaði, og þar koma ferðalög vissulega til álita.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra

stríðsrekstrinum og enn fleiri hefðu gagn af því að fá aðgang að vestrænum fjölmiðlum sem fjalla á allt annan hátt um hina grimmilegu og ómanneskjulegu innrás Rússa heldur en gert er í rússneskum fjölmiðlum,“ segir Þórdís.

Þá segir Þórdís að rétt sé að hafa í huga að umræðan um útgáfu vegabréfsáritana til rússneskra ríkisborgara sé mest aðkallandi í þeim löndum sem eiga landamæri að Rússlandi en sjaldgæft sé um þessar mundir að leitað sé eftir ferðamannaáritunum vegna ferða frá Rússlandi. ■

Bílatryggingar fimmfalt dýrari hér

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Gríðarlegur verðmunur er á bifreiðatryggingum hér á landi og í nágrannalöndunum og svo virðist sem munurinn hafi aukist mjög mikið á undanförunum tveimur árum.

Þegar Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) gerði samburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga hér landi og í höfuðborgum hinna Norðurlandanna fyrir tveimur árum kom í ljós að iðgjöld hér (ábyrgð og kaskó) voru á bilinu 57-97 prósent hærri en í hinum Norðurlöndunum.

FÍB kannaði einnig hvort tryggingarnar væru sambærilegar milli landa og komst að því að svo var, mjög lítill munur á eigináhættu kaskótrygginga og raunar var meiri vernd innifalinn í tryggingum á



Mun dýrara er að tryggja bíl á Íslandi en í nágrannalöndunum og hefur verðmunurinn aukist á síðustu árum.

hinum Norðurlöndunum en hér á landi, til dæmis flutningur á verkstæði hvaðan sem er.

Fréttablaðið hefur undir höndum gögn um iðgjöld vegna trygginga á Renault Captur-bifreið í þremur löndum. Ólíkt því sem var í könnun FÍB er ekki verið að bera saman verð

hér á landi og í stórborgum annars staðar heldur í smærri byggðarlögum.

Sigurður Þorleifsson býr í Sandgerði og iðgjald fyrir ábyrgðar- og kaskótryggingu á Captur-bifreið hans hjá TM nemur 177.661 krónu á ári. Er hann einnig með aðrar tryggingar þar.

Skyldmenni Sigurðar sem búa í Svíþjóð (nálægt Malmö) og Bretlandi (Englandi) eiga sams konar Renault Captur-bifreiðar. Í Svíþjóð er ársiðgjaldið fyrir sams konar tryggingu 2.811 sænskar krónur, eða sem nemur 38.005 krónum á miðgengi 11. ágúst 2022. Í Bretlandi er ársiðgjaldið 199,79 pund, eða sem nemur 33.205 krónum á miðgengi sama dags. Iðgjöldin hér á landi eru þannig um það bil fimmfalt hærri en í Svíþjóð og Bretlandi. ■

AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Grill og góðar stundir

HAGKAUP

Tilboð gilda út 14. ágúst

100%
Hrein afurð



Kjúklingalundir
Verð áður 3.149

2.677 kr/kg

15%
afsláttur



Smash style hamborgarar 2 x 140 g
Verð áður 849

769 kr/pk



Lambafile
Verð áður 6.299

5.599 kr/kg



Stefania Calugi
ítalskar truffluvörur
fyrir sælkera

Það besta
frá Ítalíu



Filotea hágæða ítalskt
pasta og pestó

Það besta
frá Ítalíu



Olio Nitti, ekta ítölsk
ólífuolía

Það besta
frá Ítalíu



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Telja hættu felast í sameiningunni

gar@frettabladid.is

ÁRBORG Bæjarráð Árborgar segir hættu felast í frumvarpi Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra um sameiningu níu sýslumannsembættta undir einum hatt.

„Vill bæjarráð benda á að ákveðin hættu sé fyrir hendi, í ljósi sögunnar, að umfang starfstöðva á landsbyggðinni minnki með tímanum með tilheyrandi þjónustuskerðingu. Þá verður ekki séð með afdráttarlausum hætti hvernig því markmiði að styðja við byggðarþróun verður náð fram með frumvarpinu,“ segir bæjarráðið sem þó bendir á að Sveitarfélagið Árborg sé ákjósanleg staðsetning fyrir aðsetur sýslumanns utan höfuðborgarsvæðisins. ■

Vikufrestur til að svara fyrir bann

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur verið beðinn að skýra fyrir umboðsmanni Alþingis á hverju hann byggir ákvörðun um að meina yngri en tólf ára fórn að gosstöðvunum í Meradölum.



Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Suðurnesjum

„Þess er óskað að lögreglustjóri skýri nánar á hvaða lagagrundvelli umrædd ákvörðun er reist og veiti jafnframt upplýsingar um það hvaða gögn, upplýsingar eða röksemdir hafi legið til grundvallar því mati lögreglustjóra að takmarka aðgengi barna yngri en tólf ára að svæðinu,“ segir meðal annars í bréfi umboðsmanns Alþingis þar sem Úlfar Lúðvíkssyni lögreglustjóra er gefinn viku frestur til að svara. ■

Öll börn fá pláss þrátt fyrir fjölgun

erlamaria@frettabladid.is

MÚLAPING Íbúum í sveitarfélaginu Múlapingi fjölgaði um 159 einstaklinga á tæplega tveimur árum. Þetta er rúmlega þriggja prósentu aukning milli ára, en alls búa nú 5.164 einstaklingar í sveitarfélaginu.

Mest var fjölgunin í þéttbýli sveitarfélagsins, á Egilsstöðum og í Fellabæ, en þar fjölgaði íbúum um 144 á tímabilinu og eru þeir nú 4.199 talsins. Þá fjölgaði íbúum í dreifbýli um fimmtán.

Þrátt fyrir fjölgunina fá öll börn sem verða orðin eins árs 1. september úthlutað pláss í leikskóla í haust. Þá bendir allt til þess að þau börn sem verða orðin eins árs fyrir áramót verði komin með leikskólaláss fyrir áramót. ■

Eldhaf í Frakklandi



Frakkar glíma nú við enn eina gróðureldatiðina og franskir slökkviliðsmenn eiga fullt í fangi með að hafa hemil á eldinum. Frakkar hafa þegið boð um hjálp frá Þýskalandi, Grikklandi, Póllandi, Rúmeníu og Austurríki við að hemja logana. Alls hafa um 6.800 hektarar lands brunnið í Gironde-héraði í suðvesturhluta Frakklands á síðastliðnum tveimur dögum. Hér sjást slökkviliðsmenn reyna að slökkva skógareld nálægt Hostens í Gironde.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ökuföntum mismunað eftir þjóðerni

Erlendir ferðamenn komast í stórum stíl upp með að aka of hratt hér á landi án þess að greiða hraðasektir. Fjölgun er fyrirsjáanleg í eftirliti sem mælir meðalhraða. Tæplega 900 hafa verið sektaðir eftir að ný tækni var tekin upp nálægt Grindavík.

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Von er á miklum tekjum fyrir íslenska ríkið með fjölgun myndavéla sem mæla meðalhraða ökutækja. Þetta segir lögreglumadur sem telur viðbúið að fjöldi hraðasekta gæti stóraukist með nýrri tækni.

Uppsetning myndavéla sem mæla meðalhraða ökumanna með svokölluðu tveggja punkta kerfi er þegar orðin að veruleika á tveimur stöðum á landinu. Annars vegar við Grindavíkurveg og hins vegar í Norðfjarðargöngum. Um ræðir hreina viðbót við fastar myndavélar og tilfallandi radarmælingar.

Ökumadur getur lækkað ökuhraða áður en hann ekur fram hjá fastri hraðamyndavél ef hann þekkir staðsetningu myndavélarinnar. Með tveggja punkta kerfi er engin leið að aka of hratt án viðurlaga ef farið er yfir strikið. Hæstu hraðasektir eru 250.000 krónur, auk sviptingar.

Lögregla sér um innheimtu hraðasekta en myndavélar eru á könnu Vegagerðarinnar. Hjá Vegagerðinni fengust þær upplýsingar að í bígerð væri að taka upp tveggja punkta meðalhraðakerfið á fleiri stöðum en nú er.

Lögreglumadur sem Fréttablaðið ræddi við segir opinbert leyndarmál að hvað sem líði fjölda útsendra sekta sleppi erlendir ferðamenn í stórum stíl við að greiða sektir. Skuldir þeirra séu oft afskrifaðar þar sem illa gangi að framfylgja innheimtu. Lögreglumenn sem kjósa



Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfðu 884 ökumenn um síðustu mánaðamót verið sektaðir á Grindavíkurvegi frá því að innheimta sekta höfst.

nafnleynd segja að það þyrfti að vera hægt að strauja sektarfjárhæðir beint af greiðslukortum brotlegra erlendra ferðamanna líkt og í mörgum nágrannalöndum. Mjög erfitt geti reynt fyrir lögreglu að

ná til erlendra ökumanna eftir að þeir yfirgefa landið. Það kosti tíma, álag og streð sem oft svari ekki kostnaði. Fréttablaðið ræddi við lögreglumann sem segir að ekki sé nóg að setja upp fleiri tæki. Auka þurfi skilvirkni eftirfylgni við innheimtu sekta.

Annar lögreglumadur segir að sér sviði ójafnræðið sárt í ljósi þess að erlendir ökumenn þekki oft illa aðstæður hér á landi. Þeir séu hættulegri ökumenn en innlendir. Útlendingar ættu að aka hægar en Íslendingar en í raun sé staðan sú að þeir geti ekið hraðar og gerst brotlegir án viðurlaga í mörgum tilfellum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfðu 884 ökumenn um síðustu mánaðamót verið sektaðir á Grindavíkurvegi frá því að innheimta sekta höfst að loknu þrjúferli. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er um að ræða nokkurra mánaða tímabil. Ákaflega fágætt er samkvæmt svörum lögreglu við

Alvarleiki slysa eykst með auknum ökuhraða og eru hraðamyndavélar taldar mikilvægar í að halda ökuhraða niðri. Sumir sleppa þó betur en aðrir frá viðurlögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

fyrirspurn Fréttablaðsins að ferðamenn séu sektaðir í Norðfjarðargöngum.

„Ég veit ekki hvort við erum til í að opinbera okkar aðferðir eða skodanir varðandi þetta atriði,“ segir Ásmundur Kristinn Ásmundsson, settur yfirlögregluþjónn á Vesturlandi, spurður hvort erlendir ferðamenn sleppi í miklum mæli við hraðasektir umfram Íslendinga. „Frá ársbyrjun höfum við sent sektir til um 5.000 erlendra ferðamanna á landinu öllu. Ég veit ekki hvort það telst vera merki um að erlendir ferðamenn sleppi við sektir í stórum stíl.“

„Mín persónulega skodun er að þetta sé mjög gott eftirlit,“ segir Ásmundur Rúnar Gylfason, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum. „Eftirlitið er núna alltaf til staðar. Vegarkafli þarna var mjög hættulegur. Það höfðu mörg slys orðið þarna en nú eru ökumenn líklegri til að halda sig á löglegum hraða,“ segir Ásmundur Rúnar. ■



blómaval

FYRIR ÞIG

Pottaplöntuútsala

30%

Skúfdreki
19 cm pottur. 11328154

3.490 kr
~~4.990 kr~~



35%

Ástareldur
13 cm pottur. 10323787

1.290 kr
~~1.990 kr~~



32%

Páfuglafjöldur
11 cm pottur. 11623428

1.690 kr
~~2.490 kr~~



33%

Orkidea
12 cm pottur. 11325000

1.790 kr
~~2.690 kr~~



Allar pottaplöntur 30-50% afsláttur

50%

Skjaldarskytta
11 cm pottur. 11261922

990 kr
~~1.990 kr~~



33%

Sómakólfur
12 cm pottur. 11328264

1.990 kr
~~2.990 kr~~



33%

Rifblaðka
13 cm pottur. 11328486

1.990 kr
~~2.990 kr~~



50%

Áralía
12 cm pottur. 11328243

1.490 kr
~~2.990 kr~~



Haustplönturnar komnar

Virkambur
11 cm pottur. 11327377

999 kr



Heba Green Boys
11 cm pottur. 10327331

999 kr



Calluna

10327400

3 stk. að eigin vali.

1.499 kr

1 stk. **799 kr**

Hausterikurnar eru væntanlegar í næstu viku



33%

Friðarlilja
12 cm pottur. 11400082

1.990 kr
~~2.990 kr~~

Draugabær í boði Fjarðabyggðar og Fjarðaáls

Starfsmannabústaðir starfsfólks verktakafyrirtækisins Bechtel Corporation hafa ekki verið hreinsaðir af lóð Fjarðabyggðar, 17 árum eftir að búsetu lauk. Íbúi á svæðinu lýsir aðkomunni eins og að nútíma eyðibýli.

ninarichter@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Starfsmannabústaðir 1.600 starfsmanna sem unnu að byggingu álversins á Reyðarfirði fyrir 17 árum grotna nú niður með tilheyrandi áhrifum á ásýnd og umhverfi.

Alcoa Fjarðaál ber ábyrgð á hreinsun svæðisins og hefur ítrekað endurnýjað heimildir fyrir notkun á svæðinu og framlengt hreinsunarfrest í tæpa tvo áratugi. Alcoa Fjarðaáli, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og fulltrúa bæjarfélagsins ber ekki saman um hvort kvartanir hafi borist vegna málsins.

Íbúi í Fjarðabyggð tók myndir af svæðinu á þriðjudag og þar má sjá raftæki á víðavangi, brotnar rúður, 17 túbúsjónvörp með tilheyrandi snúrum liggjandi utandyra, dúka og naglaspytur á víð og dreif um svæðið. Að sögn íbúans liggur staðurinn við vinsælt útivistarsvæði og gönguleiðir íbúa á Reyðarfirði. Íbúinn lýsir aðkomunni eins og að nútíma eyðibýli. Húsnæðið hafi verið sett upp í flýti og enn megi sjá rúmstæði, dýnur, heila fataskápa, skrifborðsstóla og sjónvörp.

„Þetta eru tímabundnar starfsmannabúðir sem voru settar upp þegar álverið var byggt. Það hefur verið samkomulag milli [Fjarðabyggðar og] Alcoa sem er handhafi húsa og eða réttinda sem þarna eru, um að búðirnar verði fjarlægðar,“ segir Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð, sem svarar í fjarveru Jóns Björns Hákonarsonar bæjarstjóra.

Aðspurður hvort 17 ár séu ekki fullangur frestur, svarar Gunnar játandi. „Þetta er allt komið á tíma og þessar búðir áttu að vera farnar. Þetta hefur gengið hægar en við nokkurn tímann reiknuðum með.“

Hann segir bæjarfélagið ekki hafa beitt sektum. „Þetta hefur verið tekið fyrir hjá okkur með reglubundnum hætti en þeir hafa bara endurnýjað umsókn sína um framlenginguna á stöðuleyfi. Við höfum alltaf afgreitt það og samþykkt það, en alltaf sett kröfur um að það verði sett einhver endadagsetning á að þær verði fjarlægðar. En það hefur ekki gengið eins og 17 árin bera með sér.“

Hvað umhverfishliðina snertir segir Gunnar Heilbrigðiseftirlit Austurlands bera ábyrgð á því eftir-



Raftæki og rusl liggur á víð og dreif innan húss sem utan. Hér sést gólfefni, gler, einangrun og listar úr plasti, spónaplötur og ljósabúnaður.



Vindurinn nærir gegnum húsakynninn og græn myglugró koma sér fyrir á skrifborðinu innan og gardínustangir og brotinn gífvegg.

liti. Spurður hvort athugasemdir hafi borist frá Heilbrigðiseftirlitinu síðustu árin út af stöðunni svarar hann: „Nei, þær hafa alla vega ekki borist til mín og ég man ekki til þess að það hafi verið. Okkar hluti snýr

að því að þeir fjarlægji þetta og þeim hefur verið gefinn tími til þess, með þessum framlengingum.“

Lára Guðmundsdóttir, heilbrigðiseftirliti Austurlands, segir að Heilbrigðis-



Sautján túbúsjónvörp liggja í hrúgu fyrir utan bústaðina innan um snúrum og glerbrot.

MYNDIR/ÁSENDAR



Aðstaðan hefur að hluta til verið fjarlægð. Það sem eftir stendur er í slæmu ástandi eins og myndir sýna.

eftirlitinu hafi borist kvartanir. „Já. Ég man mjög vel eftir máli frá árinu sem leið þar sem var verið að kvarta undan umgengni á lóðinni og gerð krafa um að þetta yrði hreinsað,“ segir hún.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir er fjölmiðlafulltrúi Alcoa Fjarðaáls. „Við erum með leyfi til að vera þarna áfram og erum að greiða stöðuleyfi af þessu.“

Spurð um vanefndir af hálfu fyrirtækisins hvað hreinsunarstarfið varðar svarar hún: „Það varð svolítið flækjustig í samningum. Það voru aðilar búnir að taka að sér að hreinsa þetta í burtu og fengu ítrekað frest til að gera það. Svo endaði það þannig að við riftum þeim samningum og tókum svæðið yfir aftur af því að þetta gekk ekki sem skyldi að koma þessu í burtu.“

Dagmar Ýr áætlað að það hafi verið um 2018 en getur ekki staðfest það nákvæmlega að svo stöddu. „En

það var fyrir Covid sem við tókum þetta yfir aftur. Það er búið að vera hreinsunarstarf í gangi síðan þá. Við höfum þurft að fara og taka til á svæðinu og höfum verið að gera okkar besta í að koma þessu í burtu. Það eru bundnar vonir við að þetta verði komið allt í burtu og það er ekki mikið eftir,“ segir Dagmar Ýr. „Það er búið að vera jafnt og þétt í gangi síðustu misseri að flytja einingarnar í burtu. Það er orðið mjög lítið eftir miðað við það sem var,“ segir hún.

Fréttablaðið hefur undir höndum ljósmyndir af svæðinu sem sýna til að mynda 17 túbúsjónvörp á víðavangi. Aðspurð út í það svarar Dagmar Ýr: „Ég hef ekki heyrt af því. Við höfum ekki fengið ábendingar um það til okkar. En það hefur gerst að verktakar hafa verið að sækja einingar og ekki skilið nógu vel við og þá höfum við þurft að fara inn á svæðið og hreinsa það,“ segir hún. „Og það hefur verið gert alltaf þegar við höfum fengið ábendingar um það,“ segir fjölmiðlafulltrúinn.

„Yfirleitt hefur Fjarðabyggð látið okkur vita þegar það hafa komið kvartanir og við höfum farið inn og hreinsað til,“ segir hún.

„Ef ástandið er þannig verður það gert um leið. En við erum með verktaka í því að flytja þessar síðustu einingar í burtu. Þetta á að klárast núna í haust og við munum skila svæðinu til Fjarðarbyggðar samkvæmt samningi sem var gerður um hvernig á að skila svæðinu til baka. Við höfum ekki verið látnar vita af því að það sé slæm umgengni á svæðinu akkúrat núna.“

EKKI náðist í Einar Þorsteinson, forstjóra Alcoa Fjarðaáls, við vinnslu fréttarinnar. ■

Mikil spennan vegna talningar í Keníu

thorgrimur@frettabladid.is

KENÍA Íbúar Keníu standa á öndinni á meðan atkvæðatalning stendur yfir í forsetakosningum sem fóru fram í landinu á þriðjudaginn. Keppnin er hnífjöfn á milli fyrrverandi forsætisráðherra Raila Odinga og núverandi varaforsætans Williams Ruto, raunar svo jöfn að fréttastofum kemur ekki saman um það hvor er með forskotið.

Spennan er ekki aðeins um það hver næsti leiðtogi landsins verður, heldur hver viðbrögðin verða við útkomunni. Árið 2007, þegar Raila Odinga tapaði naumlega kjöri á forsetastól, brutust út óeirðir þar sem að minnsta kosti 1.000 manns létust og allt að 600.000 hróktust á vergang. Óttast er að óvissa um niðurstöðuna gæti leitt til frekara ofbeldis.



Margir Keníumenn eru límdir við síma og sjónvarpskjá á meðan nýjustu tölur dreitla inn.

Árið 2017 varð að endurtaka forsetakosningar vegna efasemda um réttmæta framkvæmd þeirra. Kjörstjórn hefur enn ekki birt formlegar tölur og virðist mjög í mun að forðast aðra slíka uppákomu. ■

Fréttakona handtekin í Moskvu

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússneska fréttakonan Marína Ovsjannikova, sem vakti heimsathygli þegar hún mótmælti innrásinni í Úkraínu í beinni útsendingu í fréttatíma á ríkisreknu sjónvarpsstöðinni Stöð 1, hefur verið handtekin og ákærð.

Það var í mars síðastliðnum sem Ovsjannikova gekk inn í fréttatíma með mótmælaspjald með textanum: „Ekkert stríð. Stöðvið stríðið, ekki trú á áróðrinum, hér er verið að ljúga að ykkur. Rússar gegn stríði.“

Ovsjannikova var sektuð um 30.000 rúblur vegna uppátækisins og hætti síðan störfum hjá sjónvarpsstöðinni.

Ovsjannikovu er nú gefið að sök að hafa dreift rangfærslum um



Marína Ovsjannikova við yfirheyrslu við dómstól í Moskvu.

rússneska herinn, sem er glæpur sem getur leitt til allt að tíu ára fangelsisvistar. Ákæran gegn henni tengist mótmælum sem hún var viðstödd í júlí þar sem hún hélt á

mótmælaspjöldum gegn stríðinu á móti Kremli við Moskvufyljót. Á spjaldinu stóð: „Pútín er morðingi. Hermenn hans eru fasistar.“

Lögreglumenn komu á heimili Ovsjannikovu klukkan sex að morgni og fluttu hana til yfirheyrslu á lögreglustöð eftir að hafa gert húleitið hjá henni.

„Eru þessi rúmlega 350 börn sem dóu í Úkraínu falsanir?“ skrifaði Ovsjannikova á Facebook-síðu sinni. „Allur heimurinn þekkir söguna af Sergej, sem missti alla fjölskyldu sína í Írpin. Allir sáu ungu móðurina frá Vinnysja sem missti fjögurra ára dóttur sína, og sjálf var hún fötlaus. Var þriggja mánaða gamla barnið frá Odesa líka falsað? Hversu mörg börn þurfa að deyja í viðbót áður en þið látið staðar numið?“ ■



RENAULT
PRO+



Atvinnubílar

Við erum með rétta bílinn fyrir þig

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo, Trafic eða Master gengur þú að gæðunum og þægindunum vísum. Allir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Áhyggjur



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Að vera þingmaður þýðir að maður er með stöðugar áhyggjur. Að minnsta kosti er það myndin sem birtist manni í hvert einasta skipti sem umræða skapast um brotalamir.

Þingmenn og ráðherrar hafa á undanförunum árum haft áhyggjur af biðlistum, undirmönnun, innviðum, jaðarbyggðum, bankasölu, verðbólgu, skuldum ríkissjóðs og verðlagi.

Þeir lýsa þungum áhyggjum af orkuskortri, húsnæðisskortri og peningaskorti. Skorti á störfum, skorti á starfsfólki, skorti á úrræðum og skorti á samstarfi. Það eina sem enginn skortur virðist á eru áhyggjur.

Ég sjálfur hef aðallega áhyggjur af þingmönnum. Vel meinandi og vandað fólk allt saman, sem af einhverjum hálf spaugilegum ástæðum virðist sækja það fast, aftur og aftur, að fá að hafa allar þessar áhyggjur. Eins og það sé beinlínis eftirsóknarvert.

Eflaust væri manni hlátur í huga ef það væri ekki farinn að læðast að manni sá grunur að allar þessar áhyggjur séu farnar að hafa áhrif á afköst og getu ráðamanna til að leysa kerfislæg vandamál sem grassera í samfélaginu. Án sýnilegrar ástæðu. Í velmegunarsamfélagi.

Við erum farin að setta okkur við eitthvert undarlegt mynstur endalausra tafa og úrræðaleysis. Ástand þar sem sömu kerfislægu vandamál hanga yfir okkur árum saman án þess að nokkur minnsta tilraun sé gerð til að ráða á þeim bót. Samt eru allir mjög áhyggjufullir.

Ferill máls, sem ráðamenn hafa áhyggjur af, er nokkurn veginn svona:

1. Vandamál grasserar. 2. Ráðherra lýsir yfir áhyggjum. 3. Ráðherra skipar nefnd. 4. Nefnd skilar niðurstöðu. 5. Ráðherra skipar aðra nefnd til að fara yfir niðurstöðuna. 6. Endurtakið skref númer eitt.

Engar úrbætur, bara nefndir. Engar umbætur, bara fundir. Ekkert þokast. Hvorki í heilbrigðiskerfinu né öðrum viðkvæmum kerfum. Vegna verkkvíða okkar æðstu þjóna.


Í fræðunum er talað um að langflestar manneskjur stundi það að fresta erfiðum verkefnum fram á síðustu stundu. Það er vist talið eðlilegt og mjög svo mannlegt. En þegar frestunin er farin að teygja sig yfir allt það sem inn á borðið ratar er ástandið orðið sjúklegt. Og það veldur enn meiri áhyggjum.

En svo getur líka vel verið að þau hafi ekkert svona miklar áhyggjur. Þetta er bara eitthvað sem þeim er tamt að segja til að komast hjá því að viðurkenna að þau geti ekki komið sér saman um hvernig heppilegast sé að leysa vandamálin. Hvernig væri þá bara að segja það. ■



Engar úrbætur, bara nefndir. Engar umbætur, bara fundir. Ekkert þokast.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Útilokunarmening

Foreldrar barna sem ekki hafa fengið pláss á leikskólum í Reykjavík eins og lofað var mættu í ráðhús borgarinnar í gær til að krefjast lausnar á málinu. Fólk sem eignaðist börn í góðri trú situr nú uppi með þau sjálf á sama tíma og afborganir af lánum halda áfram sínu linnulausa kalli. Ekki getur það stýtt sér stundir með því að sýna afkomendunum eldgosíð, því lögreglan bannar heimsóknir smáfólks á þær slóðir. Umboðsmaður Alþingis óskar nú skýringa frá löggunni á gosbanninu nýstárlega en engum sögum fer af afskiptum hans af börnum sem eru útilokað frá leikskólum.

Langþreytt í Garðabæ

Garðabæingum finnst ekki gott að vakna upp við vonda draum, sérstaklega ekki ef í honum er gargandi mávager. Þetta vilja þeir hindra og hafa uppi áætlanir um að ganga um varplönd silá-máva í Gálgahrauni og klekkja á fuglum með því að stinga gat á egg þeirra. Vildu Garðabæingar fá leyfi Náttúrufræðistofnunar fyrir þessum aðgerðum sem stofnunin segir hins vegar varla til neins því silámáfur verpi úti um allar trissur. Langþreyttir Garðabæingar þurfa nú að upphuga nýjar leiðir í baráttu sinni undir áframhaldandi mávahlátri í bænum. ■

Tíminn var vel nýttur



Lilja Alfreðsdóttir
ferðamálaráðherra
og varaformaður
Fransóknar-
flokksins

Eftir tvö krefjandi ár sökum heimsfaraldurs er ljóst að endurreisn ferðaþjónustunnar er hafin af fullum krafti hér á landi. Það eru frábær tíðindi eftir algjört hrun í ferðaþjónustu víða um heim. Gert er ráð fyrir að fjöldi ferðamanna hingað til lands í ár fari fram úr bjartsýnustu spám en áætlanir gera ráð fyrir að heildarfjöldi ferðamanna árið 2022 verði 1,6 milljónir. Útlit er fyrir að helstu kennitölur í greininni verði svipaðar og árið 2019 og jafnvel betri. Þannig benda bráðabirgðatölur Isavia fyrir júlí til að brottfarir ferðamanna hafi verið alls 233.834 eða 101% af heildarfjöldanum sama mánuði árið 2019. Þessi miklu umsvif skipta hagerfið gríðarlegu máli en gjaldeyrisinnflæði vegna ferðaþjónustu, miðað við greiðslukortaveltu fyrstu 6 mánuði ársins, nam alls 692 milljónum evra. Þá er meðalvelta á hvern ferðamann töluvert meiri en fyrir faraldurinn.

Rík áhersla var lögð á að styðja við ferðaþjónustufyrirtæki í gegnum faraldurinn og verja þannig mikilvæga þekkingu fyrirtækjanna og innviði sem nauðsynlegir eru til að taka á móti fjölda ferðamanna á ný. Að sama skapi var ráðist í auknar fjárfestingar í innviðum svo sem samgöngum og aðstöðu á ferðamannastöðum. Þá vörðu stjórnvöld háum fjárhæðum í markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað með markaðsverkefnum „Saman í sókn“ í gegnum allan faraldurinn þrátt fyrir litla eftirspurn eftir ferðalögum á þeim tíma. Meðal minna fyrstu embættisverka sem ferðamálaráðherra var að auka enn frekar kraftinn í markaðssetningu landsins með 550 m.kr. framlagi til verkefnisins.

Staða ferðaþjónustunnar í dag sýnir svart á hvítu að sú góða samvinna við greinina og þær aðgerðir sem stjórnvöld gripu til á tímum heimsfaraldurs eru að skila sér. Kennitölurnar líta vel út og áhugi á lykilmörkuðum á því að ferðast til Íslands hefur aukist. Stjórnvöld og ferðaþjónustan sýndu fyrirhyggju og nýttu tímann vel á tímum heimsfaraldurs til þess að undirbyggja öflugna viðspyrnu ferðaþjónustunnar. ■



Útlit er fyrir að helstu kennitölur í greininni verði svipaðar og árið 2019 og jafnvel betri.

ILVA

4. - 23. ÁGÚST

BORÐSTOFUDAGAR

20-40%

AFSLÁTTUR

KAUPTÚN 1, GARÐABÆR | NORÐURTORG, AKUREYRI | ILVA.IS

Fimmtíu og níu kyn

Í dag

Guðmundur Steingrímsson



Ég sem persóna er afsprengi óteljandi fullkomlega ófyrir-sjáanlegra tilviljana. Eitthvað gerðist einhvern tímann sem lét annað gerast sem lét annað gerast sem lét annað gerast og svo koll af kalli í vef billjón atburða sem sköpuðu á endanum mig úr mengi hundruð milljóna möguleika í einu andartaki af skrilljón mögulegum andartökum. Ég varð til. Svo innilega hefði einhver önnur manneskja getað orðið til í stað mín, eða engin og ég hefði aldrei orðið neitt í neinum skilningi, ekki einu sinni þæling. Það voru í raun alltaf hverfandi líkur á því að ég – Guðmundur Steingrímsson – manneskjan sem ég er, með mína eiginleika, hvatir, hugsanir, útlit – yrði til.

Öll erum við þessu marki brennd. Við erum öll furðuverk. Bill Gates, Pútín, Beyoncé, Frans páfi, mamma. Allt þetta fólk gat svo innilega ekki orðið til. Hreinar tilviljanir sköpuðu það. Mér finnst hollt að minna sig á þetta. Einhvern veginn er rökréttast að

afleiðing þessarar vitneskju eigi að kveikja í brjosti allra einstaklinga þakklæti, eða einhvers konar högværð. Auðmýkt. Forvitni og undrun. Það færi öllum betur, eftir slíkt teningakast tilviljana sem tilvist allra er, að þegja bara meira. Njóta. Skoða. Ekki gera líf annarra ómurlagt. Ekki ráðast inn í Úkraínu. Ekki brugga launráð til að arðæna samfélög, eyða náttúrunni og menga umhverfið. Ekki velta því upp úr stóli opinbers embættis hvort hommar séu of margir í landinu. Ekki vera Láki jarðalfur. Ekki gelta á eftir samkynhneigðu folki á gangi því til niðurlægingar.

Ekki eru allir á sömu blaðsíðunni hvað þetta varðar. Samtíminn einkennist af miklum átökum. Á aðra röndina eru frjálslynd öfl sem vilja styðja fólk í fjölbreytileika sínum og hanna þannig samfélög að allar manneskjur geti verið eins og þær eru. Enginn er þess umkominn að leggja dóm á lífsstíl annarra, svo lengi sem fólk ber virðingu fyrir hvert öðru og gerir ekki öðrum illt. Á hina röndina eru íhaldsöfl, sem telja rétt að halda í heiðri skilgreiningum – á gildum, kynjum, stéttum, hlutverkum – sem þau fullyrða að hafi gagnast mannkyni vel hingað til og muni gagnast vel áfram. Sumir segja að komi til stríðs milli þessara aflu muni íhaldsöflin gjörsigra frjálslynda, því á meðan íhaldssama



bókstafstrúarliðið hefur notað tímann til að sanka að sér byssum hafa boðberar frjálslyndisins notað hann til að rifast innbyrðis um það hvernig merkja beri klósetthurðir.

Slík hótmyndni – vissulega smá myndin – er auðvitað á ákveðinn hátt til þess fallin að draga dár að þróun samtímans. Hún virðist sumum erfið. Sú var jú tíð að mannkynið, a.m.k. á síðari tímum á Vesturlöndum, skiptist í karla og konur, á yfirborðinu alla vega. Fleiri möguleikar voru ekki í boði. Það er óhætt að segja að á síðari árum hafi þessi grundvöllur tilverunnar, sem svo er

fyrir mörgum, verið sprengdur í loft upp í nokkuð magnaðri flugeldasýningu fjölbreytileikans. Nú eru í boði á Facebook 58 kyn. Fáir geta sagt hvað stafarunan LGBPTTQQIIAA+ þýðir. Fólk er ekki bara gagnkynhneigt, samkynhneigt, tvíkynhneigt, hán eða trans. Fólk er tvígerva, dulkynda, pangerva, kynsegin, flæðigerva eða eigerva, svo fátt eitt sé nefnt. Horfin er sú veröld þar sem SÍS þýddi Samband íslenskra samvinnufélaga. Nú er sís hugtak yfir það að upplifa kyn sitt það sama og líffræðilega kynið. Að vera gagnkynhneigður karl í karllíkama, eða gagnkynhneigð kona

í kvenlíkama, er bara eitt hugtak af mörgum.

Að mínum dómi er það óendanlega miklu skemmtilegra að röð hinna skrilljón tilvistarlegu tilviljana skila manni í slíkan heim, þar sem litirnir eru alls konar, fremur en að þær skili manni í heim þar sem fátt leyfist og fólki er gert að bæla eðli sitt. Hugmyndin um að eitthvert kyn eða einhver tegund af fólki sé eðlilegri en annað, er tálsýn ein. Í vikunni hlustaði ég á áhugavert viðtal við Kathryn Bond Strockton, sem er enskuprófessor við Háskólann í Utah með áherslu á kynjafræði. Hún vill meina að í raun séu allir queer, eða hinsegin, einstakir eða furðulegir – eftir því hvernig orðið er þýtt – þegar kemur að kyni.

Á henni mátti skilja að hvítir íhaldssamir siskarlar séu ekki síst sérstakir. Í veröld þar sem frelsið er yndislegt hafi margir þeirra reist sér fangelsi, umkringt jarðsprengjum, þar sem fátt má gera og hvernig má stíga. Engin forvitni. Engin undrun. Engin eftirgjöf. Karlmennskan er sögð í húfi. Líta skal út eins og Tom Cruise en ekki nota krem.

Í veröld hinna mörgu kynja er þetta þá kannski furðulegasta kynið. Fellini sagði að karlmenn væru eins og hundar. Þá langi til að tala en geti bara gelt.

Ekki eru þó allir sís svoleiðis. Hér er kannski komið kyn númer 59: Voffar? ■



Þjóðmenningarþorpið í Laugardalnum



Freyr Ólafsson
formaður Frjáls-
íþróttasambands
Íslands

Fyrir rétt rúmum hundrað árum reis Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu. Það var þá. Nú má segja að faglegt starf íþróttahreyfingarinnar og gífurleg þátttaka sé orðið eitt af menningareinkennum okkar sem þjóðar. Okkur hefur auðnast að stíga svo kröftug skref í forvörnum með faglegu starfi að eftir er tekið. Til okkar er nú leitað sem fyrirmyndar.

Allt árið fara fjölskyldur um landið og eiga saman góðar samverustundir á íþróttaviðburðum. Reyndir, menntaðir og góðir þjálfarar eru til staðar. Með aukinni þátttöku og auknum kröfum hefur verið mikil þörf á að öll aðstaða batni. Nú verður staðið við stóru orðin. Saman stöndum við að því tímabæra verkefni að landsliðin í innanhússiþróttum, frjálsíþróttum og knattspyrnu fái leikvanga sem sæma starfi og umgjörð, nýja þjóðarleikvanga.

Þau mannvirki sem við reisum í Laugardal endurspeglar íþróttar-

menninguna enn betur. Þjóðarhöll í innanhússiþróttum mun fyrst rísa, en á eftir fylgir aukin og betri aðstaða fyrir frjálsíþróttir og knattspyrnu. Það mun verða kraftur í undirbúningi og framkvæmdum allra þessara verkefna. Ríki og borg hafa lofað orku, vilja og dugnaði. Þjóðin fagnar, enda verkefnið tímabær.

Ótal mál eru þó óleyst, þannig er það alltaf. Eitt þeirra er að tryggja að heimafólkið, börn og unglingar úr Stór-Laugardalshverfinu, fái alltaf nauðsynlegan aðgang að mannvirkjum þannig að gott starf hverfisfélaganna rofni aldrei.

Mikilvægt er að nýting mannvirkja sé með sem bestum hætti. Tryggja þarf aðgengi að öllum mannvirkjum í Laugardal. Það gildir líka um núverandi frjálsíþróttahöll. Það fer ekki saman að loka íþróttamannvirkjunum í langan tíma vegna vörusýninga, að henda iðkendum út á gaddinn um leið og einhver býðst til að borga betur. Á þessu verður að finna lausnir til framtíðar, röskunin er of mikil.

Á næstu misserum þurfum við öll áfram að setja hagsmuni barna og unglinga í íþróttum í fyrsta sæti. Mannvirkni í Laugardal þurfa að nýtast öllum, þannig byggjum við upp nýtt þjóðmenningarþorp í Laugardal. Þannig mun þjóðin njóta best. ■

MEMBRASIN®

VINNUR GEGN ÞURRKI

Fyrir heilsu kvenna

Inniheldur
hafþyrnisolíu
SBA24®
- Omega 7

Inniheldur
hafþyrnisolíu,
hýalúronsýru og
mjólkursýru

Membrasin Woman Vitality

Krem sem virkar gegn þurrki í leggöngum og á ytri kynfærum.
Bætiefni sem nærir og vinnur gegn þurrki í allri slímhúð og húð.

FÆST Í APÓTEKUM, FJARÐARKAUP, HAGKAUP OG HEILSUHÚSINU

Nánari upplýsingar um vörurnar og sölustaði á www.numereitt.is/membrasin



Orkuskipti í varaafli



Linda Fanney
Valgeirsdóttir
framkvæmdastýra
Alor



Rúnar
Unnþórsson
tæknistjóri Alor
og prófessor við
Háskóla Íslands

reka varaafllsstöðvar á hagkvæmari máta en því hefur verið haldið fram að með rafhlöðulausn megi lækka olíukostnað niður í 15-25% af olíukostnaði lausnar sem er án rafgeyma og með endurnýjanlegum orkugjöfum má lækka kostnaðinn enn frekar.

Alor er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að undirbúningi verkefnisins „Grænna varaafli“ sem snýr að því að innleiða álfahlöður samhliða oliuknúnum varaafllstöðvum. Álfahlöður Alor munu henta vel í þessum tilgangi enda munu þær hafa a.m.k. tvöfalt lengri endingartíma en þær rafhlöður sem eru á markaði í dag og því þarf að skipta þeim mun sjaldnar út. Auk þess eru rafhlöðurnar og orkugeymslurnar vistvænar og búnar til úr hráefnum sem auðvelt er að nálgast úr jarðskorpunni án ágangs á takmarkaðar auðlindir jarðar. Rafhlöðurnar verða 95% endurvinnanlegar og eru endurvinnsluferlar þekktir auk þess sem lausnirnar eru öruggar í meðhöndlun og flutningi þar sem af þeim mun hvorki stafa eld- né sprengihætta.

Með tímanum mun Alor skala upp álfahlöðulausnirnar í stórar orkugeymslur sem hafa burði til þess að leysa af hólmi hið oliuknúna varaafli og geyma mikið magn rafmagns sem framleitt er með endurnýjanlegum hætti hjá aðilum sem ekki eru tengdir landsnetinu. Á meðan lausnirnar eru í minni skala gerir framangreind nálgun kleift að hefja orkuskipti í varaafli í skrefum án þeirrar áhættu sem getur fylgt því að skipta alfarið um kerfi í einu veltfangi. Áhætta fyrir aðila sem nýta varaafli verður þannig í lágmarki þar sem oliuknúna varaaflið verður enn til staðar en notkun þess dregst saman með tilheyrandi minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda auk lægri kostnaðar, eins og greint var frá hér að ofan.

Alor hlaut nýsköpunarverðlaun Samorku árið 2022 fyrir að vera framúrskarandi nýsköpunarfyrirtæki á sviði orku- og veitumála. Fyrstu frumgerðir hinna byltingarkenndu álfahlöðna munu lita dagsins ljós eftir nokkrar vikur í kjölfar rúmlega 9 ára rannsóknarvinnu metnaðarfullra vísindamanna sem hafa náð að yfirstíga áskoranir sem álfahlöður hafa hingað til staðið frammi fyrir.

Verkefnið er nýmæli á heimsvísu þar sem álfahlöður virðast ekki áður hafa verið notaðar í blendingslaun, samkvæmt bestu vitund höfunda. Nýsköpunarlandið Ísland mun því sannarlega standa undir nafni og mun Alor leggja grunn að lausn sem mun geta dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis í rafmagnsframleiðslu og þannig hraðað orkuskiptum innanlands sem og utan. Alor mun ekki láta sitt eftir liggja í baráttunni gegn loftslagsvandanum og verkefnið „Grænna varaafli“ er einungis fyrsta skrefið af mörgum. ■

Þjóðhátíð í Taívan



Helgi Steinar
Gunnlaugsson
eigandi
Kínverskrar
ráðgjafar

Í seinust viku heimsótti Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar bandaríska þingsins, Taívan og kom það eflaust fáum á óvart að stjórnmöld í Peking voru ekki beint sátt við þá ákvörðun. Kínversk stjórnmöld hafa í gegnum árin mótmælt harðlega í hvert skipti sem bandarísk stjórnmöld eiga einhvers konar aðkomu að málefnum Taívan, hvort sem það er í gegnum vopnasölu eða heimsóknir leiðtoga. Þessi óheppilegi trekantur á milli þessara tveggja stórvelda og þessarar 23 milljóna manna eyju á sér langa sögu. Í þetta sinn lýstu sumir áhyggjum yfir því að kínverski alþýðuherinn myndi reyna að skjóta niður flugvél Pelosi áður en hún lenti á Songshan-flugvælinum í Taípei. Aðrir bentu á að þessi heimsókn gæti breytt afstöðu kínverskra yfirvalda gagnvart stríðinu í Úkraínu og að Kínverjar myndu færa sig úr hlutlausri stöðu yfir í það að selja jafnvel sveltandi Rússaher kínversk vopn. En í gegnum tíðina hafa skipast töluvert hættulegri deilur í Taivansundi á milli þessara „stríðandi fylkinga“ og á meðan heimurinn býr við svo mikla öryggisklemmu þessa stundina er ekki vitlaust að spyrja í fyrsta lagi af hverju er Taívan svona mikilvæg í augum Kínverja og við hverju má búast?

Sagan

Taívan var upprunalega kölluð „Formósa“ af portúgölskum landkönnuðum og í kringum 17. öld voru bæði hollenskir og spænskir kaupmenn byrjaðir að setjast þar að. Han-Kínverjar voru hins vegar löngu búnir að koma sér fyrir á eyjunni alveg frá seinni hluta 13. aldar. Engu að síður varð Taívan hollensk nýlenda þar til kínverska þjóðarhetjan Koxinga endurheimti hana árið 1662. Eyjan endaði svo undir stjórn Qing-keisara til ársins 1895 þegar Kínverjar töpuðu í fyrsta Sino-japanska stríðinu og neyddust til að láta Japönnum eyjuna eftir.

Eyjan var þá í eigu Japans alveg þar til í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og var meðal annars notuð sem miðstöð fyrir árásina á Perluhöfn. Þrátt fyrir stríðslok ríkti enn borgarastyrjöld á meginlandi Kína á milli kommúnista og þjóðernissinna og þegar her þjóðernissinna undir stjórn Chiang Kai-shek tapaði neyddist hann til að flýja til Taívan. Áður en hersveitir kommúnista gátu ráðist inn á eyjuna hafði bandaríski sjóherinn lokað hana af og til ársins 1979 þá var það ríkisstjórnin í Taívan sem Bandaríkin viðurkenndu sem hina lögmæta stjórn allra Kínverja. Á endanum breyttu Bandaríkjamenn þessari afstöðu og viðurkenndu stjórnmöld í Peking sem lögmæta ríkisstjórn Kínverja með þeim fyrirvara að skyldu þeir ráðast inn í Taívan bæri Bandaríkjunum skylda að verja eyjuna. Það loforð hefur alltaf staðið en eftir innrás Rússa í Úkraínu hafa sérfræðingar velt því fyrir sér hvort þjósnaskapur Kínverja í Suður-Kínahafi gæti haft í för með sér mögulega innrás í Taívan.

Mikilvægi eyjunnar

Á öllum þeim árum sem ég bjó á Kína kynntist ég mikið af Kínverjum sem höfðu mismunandi álit á alls konar málefnum en ekkert sameinaði Kínverja jafn mikið og Taívan. Það má nánast útiloka það að þú hittir einhvern á meginlandinu sem litur svo á Taívan eigi að vera sjálfstæð þjóð. Að vissu leyti mætti skilja þá afstöðu. Ef Íslendingar hefðu fengið sjálfstæði 1944 undir því skilyrði að við þyrftum að afselja Vestmannaeyjar til Danaveldis væri að sjálfögðu erfitt fyrir sjálfstæðis-stolta þjóð að kyngja því að horfa upp á danska eyju í fjarska í hvert sinn sem við keyrum



Allt þetta bendir ekki endilega til að stríð sé á næsta leiti en ef slíkar heræfingar munu aukast í framtíðinni mun það án efa auka hættuna á mistúlkun.

um Suðurlandið á heiðskírum degi. Hér er höfundur ekki að gera lítið úr lýðræði eyjunnar eða að segja að íbúar Taívan myndu hafa það eitt-hvað betra undir stjórn Peking, en það er mikilvægt að skilja hvaðan þjóðarsál Kínverja kemur þegar við lítum á þetta málefni.

Taívan þjónar einnig mikilvægu hlutverki í okkar nútímaheimi. Taívanska fyrirtækið TSMC er einn stærsti framleiðandi hálfleiðara í heiminum, sem notaðir eru í tölvukubba og örflögur. Margir bílaframleiðendur víða um heim hafa á þessu ári þurft að loka verksmiðjum sínum tímabundið vegna skorts á hálfleiðurum í bíla sína, sem sýnir hversu háð við erum orðin slíkri tækni. Frá hernaðarlegu sjónarmiði er Taívan einnig landfræðilegur draumur. Í seinni heimsstyrjöldinni var haft eftir McArthur hershöfðingja að eyjan væri í raun „ósökkvandi flugmóðurskip“. Kína er til dæmis ekki með neinar djúpvatnshafnir í norðaustur-hluta Suður-Kínahafsins, sem gerir stærsta sjóher heims mjög erfitt fyrir með að senda kafbáta og skip sín í viðgerðir og slipp. Aftur á móti býr Taívan yfir nokkrum slíkum djúpvatnshöfnum, sem þýðir að næði alþýðuherinn eyjunni á sitt band væri hann kominn í töluvert betri stöðu hernaðarlega séð.

Heræfingar og mistúlkun

Sem svar við þessari heimsókn Pelosi fór fram stærsta heræfing í sögu kínverska hersins fyrir síðustu helgi og samkvæmt ríkismiðlum átti æfingin að fara fram á sex stöðum undan ströndum Taívans, en einu öðru svæði var síðan bætt við. Alvöru skotfæri voru nýtt og var 11 flugskeytum meðal annars skotið í hafið við strendur eyjunnar. Það sem kom á óvart var að fimm flugskeyti lentu einnig í efnahagslögsögu Japans og gat það verið túlkað sem ógrandi skilaboð til Bandaríkjahers sem hýsir 26 þúsund hermenn á japönsku eyjunni Okinawa.

Taívanski herinn svaraði einnig fyrir sig með því að senda sínar eigin herþotur í loftið og virkjaði meðal annars eldflugavarnarkerfi sín. Aftur á móti gæti það verið nákvæmlega það sem alþýðuherinn var að vonast eftir. Við slíkar æfingar er hægt að sjá hvernig óvinurinn bregst við. Hvaða radar hann mun til dæmis kveikja á og hvert hann mun færa hersveitir sínar eru allt upplýsingar sem hægt væri að nýta í framtíðinni. Þar að auki var bandaríska flugmóðurskipið USS Ronald Reagan einnig að sigla í kringum svæðið. Allt þetta bendir ekki endilega til að stríð sé á næsta leiti en ef slíkar heræfingar munu aukast í framtíðinni mun það án efa auka hættuna á mistúlkun. Svipaðar kringumstæður áttu sér til dæmis stað þegar heimurinn upplifði Kúbudeiluna fyrir 60 árum og þrátt fyrir mikla heppni hvað varðaði lausn á þeirri deilu þarf oft ekki mikið meira en einn misskilning fyrir eina heimsókn að breytast í heimsendi. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 12. ágúst 2022



Tom Sturridge túlkar sjálfan Dream of the Endless. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Draumakóngur loks á skjánum

jme@frettabladid.is

Löngum hefur það verið talið ógerlegt að yfirfæra myndasöguseriuna The Sandman, eftir Neil Gaiman, yfir á hvíta tjaldið. Serían var gefin út af DC Comics 1989-1996 og stökkva karakterar frá einu tímasviði á annað. Eiginleikar myndasöguseriunnar fá að halda sér furðu vel í nýju Netflix-þáttaröðinni, úr smíðju Gaiman og David S. Goyer.

Tom Sturridge leikur Sandmanninn sjálfan sem er fangaður í fyrsta þætti af Roderick Burgess. Eftir það flakka persónur á milli tíma og tilverustiga og útkoman er að sögn Ed Power í The Daily Telegraph, „eins góð aðlögun og mætti búast við. Fyrir Gaiman-aðdáendur eru leikarnir loksins að hefjast.“

Þreytandi og uppskrúfað

Að mati Hugo Rifkind í The Times er uppskrúfað andrúmsloftið þreytandi, en þó sé þáttaröðin áferðarfögur. Þegar Jenna Coleman kemur til sögu fari þetta að verða eins og Doctor Who, „nema gáfu-legra“. Hann segist ekki hafa lesið myndasögurnar en bætir við að ef þetta haldi áfram á sömu braut sé hann til í þetta.

Dan Einav í FT þótti þetta heldur slappt. Sér þætti ekki greitt nægjanlega vel úr aukaflettum og að samtöl væru fátt annað en karakterar að segja nákvæmlega hverjir þeir eru og hvað þeir ætli að gera. Það virðist viðeigandi að þáttur um „draumakonunginn geti svo auðveldlega sent áhorfendur í draumalandið.“ ■

Óperan rifjaði upp eigin fjölskyldusögu



Elsa Waage óperusöngkona upplifir eigin fjölskyldusögu þegar hún stígur aftur á svið eftir hlé í nýrri íslenskri óperu, Þögninni, sem fjallar um raunverulegt líf barns sem var afneitað við fæðingu. **2**

Elsa Waage óperusöngkona stígur á svið eftir hlé í nýrri íslenskri óperu. Elsa tengdi sterkt við söguþráð óperunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is



Elin Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Elsa segir að óperan sé ákaflega dramatísk enda byggð á sönnum íslenskum atburði sem margir geta samsamað sig. Þegar Elsa lýsir verkinu segir hún: „Stutt ástarsamband fyrir hálfri öld rifjast upp fyrir Hjálmari þegar ástkona deyr og hann er á leið í jarðarför. Áróra, sú látna, skipar stóran sess í hjarta hans en hún ól honum barn sem hann gekkst ekki við. Þegar hann kvæntist annarri konu lofaði hann að eiga engin samskipti við þennan son sem hann eignaðist í fyrra sambandi,“ útskýrir Elsa. „Verkið fjallar um einmanaleika, einangrun og eitruða karlmennsku.“

Það er Bjarni Thor Kristinsson sem fer með hlutverk Hjálmars, sonurinn Almar fær rödd Gissurar Páls Gissurarsonar, Elsa fer með hlutverk eiginkonunnar, Báru, og Björk Nielsdóttir er rödd ástkonnunnar Áróra.

Óbærileg þögn

„Þessi ópera er algjör snilld og sagan snart mig djúpt því það sama kom fyrir móður mína, Clöru Grimmer Waage,“ segir Elsa. „Móðir hennar, amma mín, varð ófrísk eftir mann sem hún hitti í Færeyjum en hann var skipstjóri á skosku sjávarransóknaskipi. Honum láðist að láta hana vita að hann væri þegar kvæntur maður. Móðir mín er frá Færeyjum en saga hennar er ekki ólík sögu margra Íslendinga fyrri ára,“ segir hún. Skipstjórinn lét sig hverfa en móðir hennar fór þremur árum seinna og skildi hana eftir hjá foreldrum sínum. Móðirin fór að vinna í Danmörku og kom aldrei til baka. „Móðir mín mátti aldrei vita neitt um föður sinn, það var þaggað niður ef hún spurði. Þetta var ærandi þögn eins og í óperunni og þess vegna tengi ég vel við söguna,“ útskýrir Elsa en fjölskyldan hefur í nokkur ár verið í rannsóknarvinnu til að finna rætur Clöru.

„Faðernið var vitað þótt engin

samskipti hafi verið á milli þeirra. Hann var fæddur í Skotlandi en við höfum komist að því að ættir hans komu að mestu frá austurströnd Englands. Bróðir minn, Snorri, hefur verið afar ótull í þessari rannsóknarvinnu en við fundum leiði langafa okkar og þá staði þar sem rætur fjölskyldunnar liggja í sumar,“ segir Elsa en systkinin og móðir þeirra fóru til Englands fyrir í sumar til að heimsækja þessar slóðir.

Fann rætur sínar

„Það hefur verið móður minni, sem er 87 ára, mikils virði að uppgötva rætur sínar og upplifa staðinn þaðan sem uppruni hennar kemur. Lengi hefur hún haft eins konar tómarúm í sálinni sem skapaðist við það að alast upp foreldralaus. Það hafði ekki síður áhrif á okkur að fylgjast með viðbrögðum hennar,“ segir Elsa.

„Mamma og Snorri höfðu áður farið í ferð til Skotlands og komust að því þar að í raun var föðurfjölskyldan írsk og bresk. Móðir mín ber ættarnafnið Grimmer og þegar Covid stóð sem hæst setti ensk kona sig í samband við hana en hún hafði farið í DNA-rannsókn sem fólk getur pantað sér og fann mömmu í gegnum hana. Þetta var nokkrum dögum áður en við fórum til Englands í sumar. Þær reyndust skyldar í þriðja ættlegg. Það urðu miklir fagnadarmundir þegar þær hittust í fyrsta sinn og alveg stórkostlegt að sjá mömmu upplifa þessa stund. Eiginlega eins og að sjá gamalt sár lokast,“ segir Elsa og bendir á að í gamla daga hafi verið mikil skömm að vera óskilgetið barn og foreldralaus að auki. „Hún mátti ekki einu sinni leika við hvern sem var. Langafi minn og -amma voru hins vegar hennar bjargvættir og voru sérlega góð við hana. Auk þess hefur mamma alltaf verið í mjög góðum tengslum við móðursystur sínar og við fórum oft til Færeyja þegar ég

Það hefur verið móður minni, sem er 87 ára, mikils virði að uppgötva rætur sínar og upplifa staðinn þaðan sem uppruni hennar kemur.

var krakki. Þegar aðrir fóru í sveit fór ég þangað,“ segir Elsa.

Faðir Elsu, Steinar Waage, rak skóverslun sem margir muna eftir og er enn til ásamt því að vera með skóviðgerðir og -smíðar. Móðir hennar tók fullan þátt í rekstrinum. Þau kynntust í Danmörku þegar Clara fór í húsmæðraskóla og hann í skósmíðanám. Steinar lærði meðal annars gervilímásmíðar en sjálfur var hann fatlaður eftir lömunarveiki sem hann fékk fimm ára. „Þau voru tveir stórhuga karakterar með elju og löngun til að gera góða hluti,“ segir Elsa eftir að hafa rifjað upp sorgarsögu móður sinnar.

Kynntist ástinni á Ítalíu

Elsa var verkefnalaus eins og flestir listamenn í Covid og réð sig þá til vinnu við afgreiðslustörf í Lyfjavalí auk þess sem hún hefur lengi kennt í Fjölmenn og verið leiðsögumaður í Hörpu. Þá kennir hún einnig söng í Söngskóla Sigurðar Demetz. „Mér finnst skemmtilegt að taka að mér hin ýmsu störf og reyni alltaf að hafa gaman af því sem ég tek mér fyrir hendur hverju sinni,“ segir hún.

Elsa lærði söng hjá Elisabetu Erlingsdóttur á sínum tíma og hélt síðan til Hollands í frekara nám. Þaðan fór hún til Bandaríkjanna þar sem hún lauk háskólagráðu í tónlist. Eftir átta ár í Bandarík-

unum flutti Elsa til Sienna á Ítalíu til að verða betri í ítölsku. Þar kynntist hún ástinni. Elsa bjó í 19 ár stutt frá Como-vatninu ásamt eiginmanni og dóttur. Hún söng rétt fyrir áramótin 2012 og segir að stórfjölskyldan hafi tekið vel á móti henni. „Það reyndist ekki auðvelt fyrir mig að vera einstæð móðir á Ítalíu eftir þetta áfall,“ segir hún.

Elsa segist í rauninni vera ævintýrafíkill og væri alveg til í að fara aftur til Ítalíu ef hún hefði tók á því. Dóttir hennar býr úti og þær mæðgur ætla að ferðast um Suður-Ítalíu í haust. „Þangað hef ég aldrei komið og hlakka mikið til,“ segir hún.

Íslendingar flykkjast til Ítalíu í sumar og Elsa segist hafa tekið eftir því. „Ég held að margir kjósi núna að njóta matar og menningar í staðinn fyrir að flatmaga í sólbaði á Spánarströnd. Það eru svo margir staðir á Ítalíu sem hafa mikla sögu auk þess sem þar eru skemmtilegar gönguleiðir. Flóran er svo fjölbreytt,“ segir hún.

Gaman að koma aftur

Elsa segist vera mjög spennt yfir því að stíga á svið aftur eftir langt hlé. „Ég hef ekki komið fram síðan ég tók þátt í óperunni Góðan daginn, frú forseti, sem Alexandra Chernyshova samdi og var flutt árið 2020. Fyrir utan tónleika þá hef ég ekki tekið þátt í óperu frá því ég setti sjálf upp Signora Langbrók í Kaldalóni árið 2017 en þar á undan söng ég í óperunni Ragnheiði. Það er rosalega gaman að koma aftur og vinna með ungu hæfileikaríku fólki,“ segir hún.

Þögnin er eftir Helga Rafn Ingvarsson tónskáld og Árna Kristjánsson handritshöfund en sagan kemur úr hans fjölskyldu. Sýningar verða 19. og 20. ágúst í Tjarnarbiói. ■

Elsa fór með móður sinni og bróður til Englands í sumar en þau vildu kanna uppruna þeirra sem liggur þar í landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Peak Performance[®]

ÚTIVISTARFATNAÐUR



Helium Hood

Dúnúlpá með hettu

39.990 kr.

Stingum af...



Helium dúnúlpá m/hettu ♀
39.990 kr.



Helium dúnúlpá m/hettu ♂
39.990 kr.



Frost dúnvesti ♀ ♂
26.990 kr.



Helium dúnjakki m/hettu ♀
32.990 kr.



Helium dúnjakki ♀
32.990 kr.



Helium dúnjakki m/hettu ♂
32.990 kr.



Xenon regnbuxur ♀ ♂
22.990 kr.



Track Tights leggings ♀
23.990 kr.



Stretch Trek göngubuxur ♀
26.990 kr.



Stretch Trek göngubuxur ♂
26.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagar 11-15

Frímínútur



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Ingunn Lára
Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is



Matarkjallarinn Aðalstræti 2

Hvað?

Veitingastaðurinn og kokteylbarinn Matarkjallarinn er staðsettur í 160 ára gömlu húsi í hjarta miðborgarinnar. Gamli hafnargarðurinn ber uppi einn útvegg hússins sem nýtur sín vel og minnir á söguna.

Fyrir hvern?

Staðurinn er með föstudagstilboð í hádeginu þar sem hægt er að fá ribeye steik á 3.490 krónur, með frönskum og bernaise-sósu.

Á kvöldin er staðurinn tilvalinn fyrir sérstök tilefni og ekki úr vegi að kynna sér brot af því besta með sex rétta leynimatseðli.

Þá er Matarkjallarinn frábær áfangastaður fyrir erlenda gesti sem langar að kynna sér það besta úr íslenskri matargerð með íslensku hráefni.



Bullseye Snorrabraut 37

Hvað?

Íslendingar búa svo vel að hafa heimsins stærsta pílustað í hjarta miðborgarinnar. Píla er frábær hópiþrótt og aðgengileg fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Fyrir hvern?

Hægt er að bóka í keppnisþúlu annars vegar fyrir 2–8 keppendur á spjaldi, og partíþúlu hins vegar, fyrir 2–12 keppendur á spjaldi. Í báðum tilfellum er sjálfvirkur útreikningur á skori og því hægt að einbeita sér að samveru og veitingum sem eru í boði á staðnum.

Staðurinn býður upp á pitsur, vængi og franskar af ýmsum toga og hægt er að fá grænkeravænar útgáfur. Hægt er að bóka spjald á netinu á bullseye.is. ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

15. ágúst mánudagur

■ Uppistandstónleikar

Port 9 – 20.30

Andri Ívars stendur fyrir uppi-standstónleikum á Port 9. Andri er grínisti og gítaristi og er með nýtt prógramm í farteskinu. Árni Helgason hitar upp.

■ Aldous Harding tónleikar

Hljómahöll – 20.00

Nýsjálenska tónlistarkonan Aldous Harding sendi frá sér sína þriðju breiðskífu fyrir skömmu og líkt og hennar fyrri verk hefur platan hlotið rokna dóma. Aldous er þekkt fyrir frumlegar útsetningar á hlustendavænu folk poppi með hrifandi ljóðatextum.

16. ágúst þriðjudagur



■ Ingibjörg Turchi á djasshátíð Flói í Hörpu – 20.00

Bassaleikarinn Ingibjörg Turchi flytur lög af nýrri plötu, ásamt eldri verkum og frjálsum spuna. Með Ingibjörgu leika Tumi Árnason á tenórsaxófón, Magnús Trygvason Eliassen á trommur, Hróðmar Sigurðsson á gítar og Magnús Jóhann Ragnarsson á píanó. Viðburðurinn er hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur.

■ Hamfarir og drepsóttir

Þjóðminjasafn Íslands – 11.00
Leiðsögn um Þjóðminjasafn Íslands þar sem rýnt er í uppruna Íslendinga, farsóttir og náttúruvá. Aðgöngumiði í safnið gildir.

17. ágúst miðvikudagur



■ Sundballettími

Sundhöll Reykjavíkur – 18.00

Sundballetthópurinn Eilífðin stendur fyrir sundballettíma á þriðjudögum í ágúst. Nemendur rifja upp þvottavélina, læra krókóðilataeknina, síldartorfuna og fleira. Þátttakendur þurfa að vera fullsyndir og ná til botns. Greitt er fyrir tímann með aðgangsgjaldi í laugina.

18. ágúst fimmtudagur

■ DÓH Trío

Skuggabaldur – 20.00

Helgi R. Hreiðarsson saxófónleikari, Daniel Helgason gítar- og bassaleikari og Óskar Kjartansson trommuleikari skipa DÓH tríóið. Líðsmenn lýsa tónlistinni sem óreiðukenndri samsuðu djasshefða sem þeir tileinkuðu sér í tónlistarskóla FÍH.

■ Afróðans

Hljómskálagarðurinn – 16.00

Sandra og Mamady Sano leiða afróðanstíma sem lýst er sem stuttum, orkumiklum og gerðum til að lifga upp á borgarlífið og gleðja. Aðgangur er ókeypis og dansinn hentar byrjendum sem og lengra komnum.

■ Stundarómur

Mál og menning – 18.00

Opnir tónleikar fjóreykisins Stundaróms. Sveitina skipa ungir tónlistarmenn, pianistinn Ólína Ákadóttir, víóluleikarinn Hafrún Birna Björnsdóttir, tónsmíðurinn og euphoniumleikarinn Daniel Haugen og sellistinn og söngkonan Steinunn María Þormar.

■ Netfyrirbærið

Hann er tíu en ...

Á Twitter stendur jafnan yfir endalaust og samfelld Íslandsmeistararnót í gríni og þar, líkt og á öðrum samfélagsmiðlum, detta stundum inn þemu eða memes.

Sum memes ná þvert á samfélagsmiðla og hefur „Hann er 10“ auk Twitter, einnig náð inn á bæði TikTok og Instagram.

Skapalón „Hann er 10“ gengur út á að viðfangið sé gætt öllum mögulegum mannkostum en síðan sé hængur á. Hér eru nokkur dæmi um slík tist. ■

@bergthorajons

Hann er 10 en hann klappar þegar flugvélin lendir.

@gudmundur_jor

Hann er 10 en hann kemst ekki upp að gosi því hann er ekki 12.

@karafknkristel

Hann er 10 en hann skiptir 2x á ári um rúmföt.



@gunnare

Hann er 10 en hann setur húfuna yfir heyrnartólin.

@kjerulfur

Hann er 10 en hann talar um lögmál hagfræðinnar eins og þau hafi orðið til við fæðingu alheimsins en séu ekki bara reglurnar í leik sem við fundum upp.

■ Uppskriftin

Meiri háttar meðlæti og líka gott í nesti

Fátt er sumarlegra en vatnsmelónan og hægt er að gera sér góða og léttu máltíð til að njóta á sumardeg, eða koma sér í sumarskap í rigningunni.

Þetta salat er smekktullt af hollustu og gott í nesti, sem meðlæti eða jafnvel eftirrættur.



Vatnsmelónusalat

4 bollar vatnsmelóna í teningum

4 bollar ferskt rífið spinat

2 stór avókadó

¼ bolli valhnetuolía

¼ bolli ólífúolía

1 lime – safinn

½ teskeið paprikukrydd, reykt

eða óreykt

Blandið vatnsmelónunni, spinati og avókadó saman í skál.

Þeytið saman valhnetuolíu, ólífúolíu, limesafa og paprikukrydd í skál og hristið saman. ■

Var enn unglingur á fyrstu djasshátíðinni

Jóel Pálsson, saxófónleikari og framkvæmdastjóri Farmers Market, segir frábært að fá jafn fina djasshátíð eftir Covid. „Ég er sjálfur að spila í þremur atriðum en svo reynir maður að sjá sem mest af öðru þess á milli,“ segir hann.

Jóel leikur meðal annars á útgáfutónleikum með hammondtríoinu ASA Trio. Tríóið skipa Agnar Már Magnússon hammondleikari, Andrés Thor gítaristi og bandaríski trommarinn Scott McLemore.

„Í einhverju eirðarleysi í miðju Covid buðu þeir mér að vera gestur hjá tríóinu og ég hef spilað með þeim nokkrum sinnum. Við enduðum á því að taka upp plötu sem er að koma út,“ segir Jóel. Platan kallast Another Time.

Jóel leikur á sunnudaginn með franska bassaleikaranum Nico Moreaux. „Hann býr hér á landi og er einn af þessum listamönnum sem hafa tekið ástföstri við land og

þjóð og tónlistarmenn. Ég var að koma af æfingu með þeim núna og þetta er mjög flott verkefni,“ segir Jóel.

Jóel leikur síðan ásamt Stórsveit Reykjavíkur í nútímalegri sálumessu í Hallgrímskirkju, Buchanan Requiem, sem sameinar kórtónlist, nútímadjass, tónlist fyrir stórsveit og klassíska tónlist. Sálumessan er eftir danska trompetleikarann og tónskáldið Jacob Buchanan.

Spurður um eftirminnilegasta ár Jazzhátíðar í Reykjavík segist Jóel hafa tekið þátt í þeim flestum og að hann muni mjög vel eftir þeirri fyrstu. Fyrsta hátíðin var haldin árið 1990 og hét fyrst Norrænir útvarpsdjass dagar.

„Það var alveg ný upplifun þegar þessi hátíð var sett á laggirnar,“ segir hann. „Maður var enn unglingur sjálfur. Svo hefur þetta þróast og slípast, og nú er þetta orðin glæsileg hátíð.“ ■



Jóel Pálsson,
tónlistarmaður.



Það var alveg ný upplifun þegar þessi hátíð var sett á laggirnar.

Hvað er að gerast núna um helgina?

12. ág. Föstudagur

Töðugjöld

Hella – alla helgina (Standa yfir 10. – 13. ágúst)
Á föstudeginum er frisbíggolfmót og á laugardegi frisbíggolfmót og dagskrá á útisvæði með hoppuköstulum og fegurðar- og hæfileikakeppni dýra, barna- söngvakeppni auk fjölda annarra viðburða.

Fjölskyldudagar í Vogum

Vogar á Vatnsleysuströnd – alla helgina
Hverfaleikar, fjársjóðsleit fyrir átta ára og yngri, lasertag og bubbluboltar, danssýningar, töframenn og Leikhópurinn Lotta. Tónlist bæði kvöldin og listamenn á borð við Flóna, Bríeti og Selmu Björns ásamt fleirum. KK, Þorgerður Ása og fleiri leika ljúfa tóna á sunnudeginum.

Reykhóladagar

Reykhólum – alla helgina
Reykhólahreppur slær upp stærðarinnar afmælishátíð enda á sundlaugin 75 ára afmæli, sveitarfélagið 35 ára afmæli og leikskólinn 30 ára afmæli. Sveitarfélagið býður til grillveislu í Hvannagarðabrekku á föstudeginum. Full helgi af dagskrá með hestafimi, dráttarvélaskrúðgöngu, brúðsýningu og lifandi tónlist.

Blómstrandi dagar

Hveragerði – alla helgina
Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar er haldin í Hveragerði. Hápunktur hátíðarinnar er á laugardegi en dagskráin stendur alla helgina. Listsýningar og tónlistarviðburðir um allan bæ og heilsutengd atriði fyrir alla aldurshópa.

13. ág. Laugardagur

Jazzhátíð Reykjavíkur

Miðborg Reykjavíkur – 13.-19. ágúst
Vikulöng djasshátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur, hefst með formlegum hætti. Norrænir flytjendur eru áberandi og hátíðinni lýkur með stærðarinnar djassaðri sálumessu í Hallgrímskirkju.

Álfahátíð

Hellisgerði í Hafnarfirði kl. 14.00 og fram eftir degi
Barnahátíð í Hellisgerði fer fram með fjölbreyttri fjölskylduvænni dagskrá. Tónlist og leiklist, andlitsmálun og sölu-tjald í bland við fullt af álfum. Gestir eru hvattir til að mæta í álfabúningum og aðgangur er ókeypis.



„Elskum plötubúðir“

Plötubúðir Reykjavíkur kl. 13.00-17.00
Plötubúðir borgarinnar lifna við og slá upp tónlistarveislu í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík. KK og Cyber koma fram í plötubúðum borgarinnar auk fleiri dagskrárlíða.

Vegan Festival 2022

Vegan búðin kl. 13.00-16.00
Fjölskylduskemmtun og matarveisla með veislutjaldi og básun með vegan kræsingum. Hoppukastali og poppvél á staðnum ásamt leiktækjum. Tónlistaratriði og sirkus ásamt fleiri skemmtiatriðum.

14. ág. Sunnudagur

Neyzlan – Reykjavík á 20. öld

Árbæjarsafn kl. 10.00-17.00
Sýning í Lækjargötu á Árbæjarsafni þar sem sífellt aukin framleiðsla og neysla á 20. öld er í brennidepli.



GH Django Trió

Reykjadalsskáli kl. 15.00
Gunnar Hilmarsson mætir með Djangó Trió. Trióið skipa auk Gunnars Jóhann Guðmundsson gítarleikari og Sigurgeir Skafti bassaleikari.

Hús talar upp úr svefni

Balinn, Þingeyri kl. 10.00-17.00
Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Egill Sæbjörnsson, Ágústa Oddsdóttir og Emilie Dalum, með framlagi frá Sesselju Fanney Kristjánsdóttur og Ágústu Birnu Kristjánsdóttur, setja upp sýninguna Húsið sem talaði upp úr svefni í Balanum listarými. Notaðir hlutir, frásagnir og tengingar milli þátíðar og nútíðar eru viðfangið í leit að glötuðum sögum.



Uppgötvun vikunnar

Dreymir köngulær um flugur?
Nýjar rannsóknir, hverra niðurstöður birtust á dögnum í ritrýnda fagritinu Proceedings of the National Academy of Science, benda til þess að stökkköngulær dreymi í svefni.

Jólin hefjast á Jómfrúnni
Jólamatseðill frá 10. nóvember. Kom glad!
Bókanir í síma 551 0100 | jomfruin.is | jomfruin@jomfruin.is

Fullkomið flatbrauð Liba Bröd.
í vefjuna, sem pizzabotn, snakk eða bara til að narta í
Instagram.com/libabrod/

TVÆR VERSLANIR NEXUS GLÆSIBÆR & KRINGLAN

SAFNVÖRUR POP! (Funko figures)

SPIL (Dune, Uncharted, etc.)

LEIKFÖNG (Masters of the Universe Origins)

BÆKUR (Maus, Myndasögur)

NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR!

NEXUS.IS YFIR 10.000 VÖRUR!!

GLÆSIBÆR ÁLFHEIMAR 74 • 104 RVK. s. 552-9011 • OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:30-22
KRINGLAN 4-12 • 103 RVK. s. 552-9012 • OPIÐ MÁN-FÖS. 10-18:30 LAU. 11-18 SUN. 12-17

Ómótstæðileg rækjubrauðterta með eplum



Sjöfn Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Brauðertuáhugi íslensku þjóðarinnar er mikill og segja má að brauðtertur hafi fylgt þjóðinni í veisluhöldum í árána rás. Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, matreiðslumeistari og eigandi veitingastaðarins Hnoss, er ein þeirra sem elska brauðtertur og nýtur þess að útbúa brauðtertur og brauðrétti.

Fanney er í grunninn félagsráðgjafi sem bætti svo við sig reynslu og menntun í matreiðslu, bæði héraðs og erlendis. „Ég útskrifaðist sem matreiðslumaður 2017 og sem matreiðslumeistari 2019. Ég var í kokkalandslíðinu frá 2017 til 2021 og fór meðal annars á Heimsmeistarakeppnina í matreiðslu og á Ólympiuleikana í matreiðslu. Matur hefur alltaf verið mikil ástríða hjá mér og ég ólst upp við heimabakað brauð, bakkelsi og mat eldaðan frá grunni,“ segir Fanney og er þakklát fyrir að hafa leyft matarástríðunni að blómstra.

Fyrir um það bil ári opnaði Fanney, ásamt Stefáni Viðarssyni matreiðslumeistara, veitingastaðinn Hnoss sem staðsettur er á jarðhæð Hörpu og hefur slegið í gegn í sumar. „Við Stefán höfum unnið mikið saman og varið löngum stundum í að fabúlura um veitingastaðinn sem við ætludum að opna. Mátuðum okkur við nokkur rými og pældum í hvað væri skemmtilegast að gera. Þegar svo opnað var fyrir tillögur um nýtingu á rýminu á jarðhæðinni í Hörpu, þá fannst okkur það akkúrat rétta staðsetningin og sendum inn okkar tillögu. Til þess að gera langa sögu stutta, varð okkar tillaga fyrir valinu og núna er rétt tæpur mánuður í ársafmæli Hnoss í Hörpu.“

Metnaðurinn í matargerðinni á Hnoss er mikill og Fanney vill svo sannarlega að matarupplifunin slái í gegn hjá matargestum. „Maturinn okkar á Hnoss á númer 1, 2 og 3 að vera jömmi. Við erum mikið að nota alls kyns grænmeti og fisk, en bjóðum einnig upp á lambakjöt – auðvitað allt saman íslenskt. Við viljum gera ferskan og bragðgóðan mat sem allir hafa gaman af því að borða. Bröns-hlaðborðið okkar um helgar hefur til að mynda fengið frábær viðbrögð frá fólki, þar sem við erum ekki að bjóða upp á hefðbundna rétti heldur okkar uppáhaldsrétti til að byrja daginn. Við erum líka með skemmtilega smárétti sem hafa verið vinsælir með kampavinsglasi eða óáfengu kampavíni á útisvæðinu – þessa daga sem ekki rigndi.“



Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, matreiðslumeistari og eigandi veitingastaðarins Hnoss, er ein þeirra sem elska brauðtertur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

77
Brauðtertan er klassísk rækjuterta, með smá tvisti sem er þó ekki of mikið út fyrir kassann.



Þær gerast ekki girnilegri, rækjubrauðtertan hennar Fanneyjar sló rækilega í gegn í níráðisafmælisveislu ömmu hennar.

Aðspurð segir Fanney að hennar uppáhaldsréttur um þessar mundir sé lambatartarinn þeirra. „Ég er mikil tartar-kona og elska góðan tartar, þar sem kjötið fær að njóta sín. Okkar tartar er úr lambafillet sem við höfum marínerað í kapers, skalottlauk, fiskisósu, þara og blöðbergi. Hann kemur á grilluðu súrdeigsbrauði með íslensku wasabi-kremi, fullt af rifnum Vesturós-osti og nóg af garðakarsa. Stökku ostrusveppirnir á smáréttaseðlinum okkar hafa líka verið mjög vinsælir. Sá réttur er vegan og kemur mörgum kjötætum á óvart, enda eru ostrusveppir mjög djúsi og kjötmiklir ef svo má að orði komast. Með sveppunum erum við með hvít-laukssósu með confit-elduðum hvít-lauk, sem setur punktinn yfir i-ið!“

Þið hafið verið dugleg að brjóta upp hversdagsleikann og bjóða upp á fjölbreytta matseðla og öðruvísi matarupplifanir, er það eitthvað sem þið munuð ávallt standa fyrir?

„Já, það er eitthvað sem okkur þykir afskaplega skemmtilegt. Stór hluti viðskiptavina okkar kemur reglulega í tengslum við viðburðahald í Hörpu og því þykir okkur mikilvægt að hafa eitthvað nýtt og skemmtilegt í boði. Það er líka skemmtilegra fyrir okkur kokkana að fá að fabúlura nýja matseðla og konsept reglulega. Heldur okkur á tánum og það er ekki séns að við verðum leið á því sem við erum að matbúa.“

Brönsinn á Hnoss hefur vakið verðskuldaða athygli og þar hefur líka sérstaðan stórt hlutverk. „Við erum með glæsilegt hlaðborð; alls konar íslenska osta, fjölbreytt og litrík salöt og íslenskan fisk. Við erum alltaf með „Egg royale“ sem eru hleypt egg á brauði með bleikju eða laxi og hollandaise-sósu – algjörlega það sem maður þarf til að starta deginum. Spicy túna-brauðtertan vekur alltaf lukku, enda óvanaleg samsetning sem virkar svo ótrúlega vel saman. Við erum dugleg að breyta til og prófa okkur áfram með nýja rétti, enda margir gesta okkar fastakúnnar. Eftirréttahlaðborðið hefur líka vakið mikla lukku, enda gerum við allt frá grunni. Þar má meðal annars finna creme bruleé, Pavlovu, pönnukökur, hnetustykki og fleira hnossgæti.“

Heyrst hefur að þú sért líka sérstaklega láginn við að töfra fram ómótstæðilegar brauðtertur sem erfitt er að standast. Hefur þú alltaf verið mikil brauðtertukona?

„Já, ég hef alltaf elskað brauðtertur og brauðrétti. Fallega skreytt brauðterta lyftir hverri veislu upp í hæstu hæðir. Þær eru líka svo retró og dásamlegar, minna á gamla tíma og vekja upp minningar á sama tíma og við sköpum nýjar minningar.“

Fanney sviptir hér hulunni af uppskrift af einni af sinni uppáhaldsbrauðertu fyrir lesendur Fréttablaðsins, sem á eftir að slá í gegn. „Þessa brauðertu gerði ég

fyrst þegar elsku Stína amma mín varð níráð í fyrra. Brauðtertan er klassísk rækjuterta, með smá tvisti sem er þó ekki of mikið út fyrir kassann. Hún ætti því að slá í gegn hjá flestum,“ segir Fanney að lokum með bros á vör. ■

Rækjubrauðterta með grænum eplum og sítrónu

1 brauðtertubrauð
5-600 g góðar rækjur, afþíddar
5 soðin egg
350 g majónes
200 g sýrður rjómi
1 grænt epli
1 sítróna
¼ agúrka
Ferskt dill og/eða graslaukur, fint saxað
Salt og sítrónupipar eftir smekk

Byrjið á því að hræra majónes og sýrðan rjóma saman og kryddið til með salti og sítrónupipar. Þerrið rækjurnar og bætið út í. Skerið eggin fint og bætið út í. Flysjið eplið, kjarnhreinsað og skerið í litla teninga, kjarnhreinsað agúrku og skorin í litla teninga. Raspjið sítrónubörk út í salatið og bætið safu úr hálfri sítrónu út í. Blandið öllu vel saman og kryddið til eftir smekk.

Smyrjið salatinu jafnt á milli brauðlaganna, smyrjið tertuna svo með sýrðum rjóma og skreytið að vild. Þá er lag að nýta sköpunarkraftinn. ■

Þú kemst lengra & hraðar náttúrulega

Viltu aukna snerpu, orku & úthald?

Hreint rauðrófuduft, náttúruleg ofurfæða



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



EIN STÓR FJÖLSKYLDA



Hver einasti meðlimur Colgate-fjölskyldunnar
finnur tannbursta, tannkrem og aðrar tannhirðu-
vörur við sitt hæfi. Velkomin í fjölskylduna!

Colgate[®]

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingþjónusta ehf.

S. 867 4254

Gelum bætt við okkur utan og innanhúss málingarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Nýjar 2-3 herb. íbúðir í Mörkinni 8, 108 RVK fyrir rólega og reglusama einkaklinga eða pör (plús 30 ára). Langtímaleiga. V. 250 þ. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Efnistaka á Mýrdalssandi

EP Power Minerals hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrir efnistöku á Mýrdalssandi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Mýrdals-hrepps, hjá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ólfuss og á Skipulagsstofnun frá 13. ágúst til 26. september 2022. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. september 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Einingahillur í kæla og frysta


-30°C
+75°C



- Stækkanlegar einingahillur inn á kæla og frysta
- Anodiserað ál og Polypropylene
- Kerfið passar fyrir Gastrobakka
- Mjög einfalt að setja upp og breyta

pujadas
A VOLLRATH COMPANY

PROFESSIONAL COOKWARE



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf Kirkjunnar



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geiriefh.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



ÞJÓNUSTA Í ÖRUM VEXTI

Tækifæri til að starfa með okkur
www.toyotakaupuni.is



Þjónustudeildir Toyota Kaupúni eru í örum vexti og við leitum að starfsfólki í fjölbreytt og skemmtileg störf. Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.
Umsóknir og nánari upplýsingar á www.toyotakaupuni.is


Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570-5070

toyotakaupuni.is - info@toyota.is



Merkisviðburðir

- 1908** Ford Motor Company setur Ford T á markað.
- 1990** Sue Hendrickson uppgötvar best varðveittu steingerðu beinagrind grameðlu við Faith í Suður-Dakóta.
- 1994** Tónlistarhátíðin Woodstock '94 er haldin á 25 ára afmæli hátíðarinnar.
- 2000** Rússneski kabáturinn Kúrsksekkur í Barentshafi. Allir 118 um borð farast.
- 2003** Portúgalski knattspyrnumaðurinn **Cristiano Ronaldo** er seldur til Manchester United fyrir 12,24 milljónir punda.



Ástkær eiginmaður minn,
Sigurbjartur Jóhannesson

lést á Landakoti þann 7. ágúst.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sigrún Guðbergsdóttir og fjölskylda.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Erling Aspelund

Tómasarhaga 11, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 8. ágúst.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 24. ágúst kl. 15.00.

Pórey Aspelund
Kristín Aspelund
Erling Aspelund
Karl Aspelund
Thor Aspelund
Guðrún Aspelund
barnabörn og barnabarnabörn.

Hákon Aspelund
Kristín Björnsdóttir
Brenda Aspelund
Arna Guðmundsdóttir
Gunnar Jakobsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku eiginmaður minn, yndislegi pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
Stefán Rafn Elinbergsson

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild Landspítala, Fossvogi, sunnudaginn 7. ágúst.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 16. ágúst kl. 15.00.

Elisabet Sigfúsdóttir
Vaka Ýr Sævarsdóttir
Heiðís Huld Stefánsdóttir
Freyr Stefánsson
Ólafur Ögmundarson
Sara Nybo Vinther
Ögmundur Steinar, Una og Ingimar



Ástkær faðir okkar, sonur, afi, bróðir, unnusti og vinur,
Valgarð Heiðar Kjartansson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 1. ágúst.
Útför fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 15. ágúst kl. 15.00.

Elis Aron Valgarðsson
Ævar Annel Valgarðsson
Emil Stormur Valgarðsson
Vigdís Ninja Rut Valgarðsdóttir
Valey Tindra Valgarðsdóttir
Atlas Eldur Flóki Valgarðsson
Elvis Aron Elísson
Hulda Ósk Ólafsdóttir
Kristinn Ragnarsson
Kjartan Heiðar Margeirsson
Elísa Auður Liljudóttir
Valgerður Inga Kjartansdóttir
Hafsteinn P. Vattnes
Guðrún Margrét Kjartansdóttir
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Pétur S. Pétursson
og ættingjar og vinir.



Edda var að sjálfsögðu með svarta pennann sinn þegar hún las sinn síðasta fréttatíma í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þjóðareign kveður skjáinn

Edda Andrésdóttir las sinn síðasta fréttatíma á Stöð 2 í gær. Hún byrjaði í fréttamennsku fyrir 50 árum á Vísi. Hún segist þakklát fyrir að fá að taka ákvörðunina sjálf sem hefur verið að gerjast í smá tíma. Hún útilokar þó ekki að birtast á ný á skjánum með þætti á Stöð 2. En fyrst ætlar hún að byrja að taka til í bílskúrnum.

benediktboas@frettabladid.is

Edda Andrésdóttir las sinn síðasta fréttatíma á Stöð 2 í gær. Eftir fréttatím-ann kom Sindri Sindrason inn í settið og Edda var tekin í viðtal í Íslandi í dag þar sem hún fór yfir víðan völl. Þegar ljósin voru slökkt komu samstarfsaðilar hennar og skáluðu fyrir ferli hennar sem spannar hátt í 50 ár í fjölmiðlum.

Edda byrjaði á Vísi árið 1972 og kom víða við áður en hún hóf dagskrárgerð á RÚV. Hún færði sig yfir á Stöð 2 árið 1990 þar sem hún hefur látið ljós sitt skína allar götur síðan.

Edda byrjaði sinn síðasta dag á því að mæta í viðtal á Bylgjunni áður en hún kíkta yfir daginn á Stöð 2. Eftir fréttatím-ann mættu svo samstarfsmenn og aðrir til að skála. Hún segir að framhaldið sé óráðið. „Það er ekki alveg ákveðið hvað ég tek mér fyrir hendur en ég þarf að fara í tiltekt í bílskúrnum. Ætli ég byrji ekki þar,“ segir hún og hlær.

Hún segist stolt af að geta hætt sjálf. Það sé ekki sjálfgefið. „Ég byrjaði fyrir fimmtíu árum á Vísi og ég er búin að lesa fréttir í hartær 35 ár, bæði á RÚV og svo á Stöð 2. Þar er ég búin að vera í 32 ár. Svo ætla ég að verða sjötug í lok árs og það byrjuðu einhverjar klukkur að klingja innan í mér, hvort þetta væri ekki bara orðið gott í fréttunum.“

En mér líður vel því ég er lánsöm að taka þessa ákvörðun sjálf. Ég hef verið að melta þetta og það hefur verið aðdragandi að þessu. En það er lán að fá að taka þessa ákvörðun sjálf.

Ég er algjörlega tilbúin fyrir þessi tímamót og mér líður eins og það sé að hefjast einhver nýr kaflí. Kannski stafar það af því að dyrnar standa mér opnar á Stöð 2, að gera hugsanlega einhverja þætti. Tíminn leiðir í ljós hvort af þeim verði,“ segir Edda.

Hún segir að eldgosíð í Vestmanna-eyjum sé eftirminnilegasta fréttin sem hún sagði á sínum ferli. Þá var hún búin að vera eitt ár í fjölmiðlum og sagði fréttir fyrstu dagana. „Þetta eru eins og tindar. Eitthvað rís og maður man og hefur með sér en svo eru líka litlir hlutir



Ung blaðakona á Vísi árið 1975.



Vigdís Finnbogadóttir og Edda ganga saman út úr Háskólabíói eftir að hafa séð kvikmyndina Okkar á milli árið 1982.



Ritstjórnarfundur 15. desember 1975 á dagblaðinu Vísi þar sem Þorsteinn Pálsson var ritstjóri.

MYND/JAMES H. POPE

sem voru ekkert endilega stórfréttir.“

Edda hefur alið upp heilu kynslóð-irnar sem fréttalesari og hefur alltaf átt í miklu samskiptum við áhorfendur. „Mér hefur alltaf fundist gaman, þetta sam- starf við áhorfendur. Sumir hafa sent mér póst eða hringt og það er yfirleitt alltaf skemmtilegt.“

Ég man eftir einu símtali þegar mjög reið manneskja hringdi, sem mislíkaði eitthvað í fréttatímanum og hellti sér yfir mig. Ég skildi ekki af hverju. Ég kom ekk- ert nálægt þessu máli nema að lesa frétt- ina. En hún hélt að ég væri fréttastjóri af

því ég hafði lesið fréttina. Þetta endaði á góðu nótunum og var mjög eftirminni- legt. Þetta er búin að vera allavega enda mörg ár.“

Hún segir að það sé ekki alveg víst hvort ferlinum sé formlega lokið í fjöl- miðlum. Hún sé með nokkrar hug- myndir um þætti og dyrnar standa henni opnar á Stöð 2.

„Ég er með einhverjar óljósar hug- myndir um eitthvert áframhald,“ sagði þjóðareignin Edda skömmu áður en hún fór inn í fréttastúdíó Stöðvar 2 í síðasta skipti. ■

Rýmingarsala! Rým

sala! Rýmingarsala!

heimkaup



Siemens 203 cm kæli- og frystiskápur KG49NAIEA
251.000 kr.
126.000 kr.

50% afsláttur

40% afsláttur



Enox Midea uppþvottavél, klæðanleg DW300BI
60.000 kr.
41.999 kr.



Samsung 75" Q60A 4K snjallsjónvarp (2021)
340.000 kr.
175.000 kr.

50% afsláttur



Bosch þvottavél 8 kg 1400 WAN2823BSN
100.000 kr.
100.000 kr.

50% afsláttur



Karcher FC 5 skúringavél með rafhlöðu
60.000 kr.
28.000 kr.

60% afsláttur



Witt gashelluborð 60 cm WGH 604 BG
120.000 kr.
64.995 kr.

50% afsláttur



Electrolux Pure D9 pokaryksuga PD91-6IIWX
55.000 kr.
22.400 kr.

60% afsláttur



Panasonic 2.1 hjóðstöng SC-HTB250ECK
30.000 kr.
16.000 kr.

60% afsláttur



Electrolux 175 cm kæli- og frystiskápur LNT3LE3IXI
141.999 kr.
71.000 kr.

50% afsláttur

Rýmingarsala!!!

Nú kveðjum við lagerinn okkar í Miðhrauni og rýmum. Opið alla helgina. Allt að 60% afsláttur af völdum raftækjum. Fleiri vörur á frábærum kjörum. Örfá eintök eftir af hverri vöru. Pantaðu strax eða komdu í heimsókn.

50% afsláttur



Philips 43" 4K UHD Android snjallsjónvarp
120.000 kr.
65.000 kr.



AEG varmadæluburrkari 8 kg A+++ T8DEN865C
231.000 kr.
116.000 kr.

50% afsláttur



Bosch Series 2 60 cm uppþvottavél SMU2HTW64S
100.000 kr.
55.000 kr.

50% afsláttur



Miele PerfectFresh Pro 177 cm kælikápur, innbyggður
401.000 kr.
241.199 kr.

40% afsláttur



Sony 8K Full Array LED Android sjónvarp
600.000 kr.
350.000 kr.

50% afsláttur

50% afsláttur



Witt gashelluborð 75 cm WGH 755 BG
180.000 kr.
94.995 kr.



AEG Pureblack 80 cm spanhelluborð IPE84531FB
100.000 kr.
99.995 kr.

50% afsláttur



Gram uppþvottavél 60 cm OM 6330-9ORTX
131.000 kr.
79.199 kr.

40% afsláttur



Sony 32" W8 Android snjallsjónvarp (2021)
70.000 kr.
47.999 kr.

40% afsláttur



Siemens iQ700 60 cm ComfortDesign spanhelluborð
100.000 kr.
119.994 kr.

40% afsláttur

Við erum til húsa í Miðhrauni 2, Garðabæ.

Opnunartímar:
Föstudagur: 12-19
Laugardagur: 12-19
Sunnudagur: 14-17

ingarsala! Rýmingarsala! Rým

Grillið saknar þín

1.998

kr./kg

Íslandslamb grillpakki
2 teg. - 6 sneiðar í pk.

6
sneiðar



1.498

kr./pk.



Frosnar kjúklingabringur
900 g
Danmörk



900
g

Ódýrustu
kjúklinga-
bringurnar
í Bónus



598

kr./stk.

Lenor mykingarefni
Gold

50
pvottar



1.798

kr./stk.


Ariel þvottaefni
fljótandi

70
pvottar

BÓNUS

Verð gildir til og með 14. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Ferskt íslenskt grísakjöt af nýslátruðu



798



kr./kg

Stjörnugris bógur



1.798

kr./kg

Stjörnugris Gúllas eða snitsel



998

kr./kg

Stjörnugris hakk



779



kr./pk.

Bónus beikon
375 g



279



kr./pk.

Bónus skinka
200 g



Fjölbreytt og metnaðarfull Jazzhátíð



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Jazzhátíð Reykjavíkur fer fram í 32. sinn dagana 13. til 19. ágúst. Fjörutíu tónleikar verða haldnir þar sem hátt í tvö hundruð listamenn frá ýmsum löndum koma fram.

Jón Ómar Árnason, framkvæmdastjóri og listrænn stjórnandi Jazzhátíðar, segir hátíðina í ár vera einstaklega fjölbreytta með áherslu á tónlist frá Íslandi og Norðurlöndunum.

„Á þessari hátíð má segja að það sé pínulitinn norrænn rauður þráður. Það er mikið af fólki frá Norðurlöndunum sem tekur þátt í hátíðinni í ár sem rímar ágætlega við það að Norræna félagið er 100 ára í ár,“ segir Jón Ómar.

Boðið verður upp á sjö daga tónleikadagskrá á hátíðinni þar sem djass, blús, fönk og spunatónlist verður í forgrunni og listafólk frá Bandaríkjunum, Evrópu og Íslandi kemur fram.

„Það sem kannski sker sig úr er að lokatónleikar hátíðarinnar sem verða föstudaginn 19. ágúst í Hallgrímskirkju, Buchanan Requiem, eru sennilega stærstu tónleikar sem haldnir hafa verið á Jazzhátíð, alla vega einir þeir stærstu. Það eru næstum fjörutíu manns á sviðinu,“ segir Jón Ómar.

Verkið er flutt af samblandi íslenskra og norrænna tónlistarmanna og stjórnandi er hinn norsk Geir Lysne.

Brú á milli djass og klassíkur

Jakob Buchanan er margverðlaunaður danskur trompetleikari og tónskáld en hann samdi verkið Requiem árið 2015 til minningar um föður sinn. Verkið var tekið upp árið 2016 og sama ár hlaut það verðlaun sem verk ársins og plata ársins á dönsku tónlistarverðlaununum í flokki djasstónlistar, auk þess sem Jakob hlaut verðlaun sem tónskáld ársins.

Hvers konar tónlist er Requiem?

„Það má segja að þetta sé ákveðin



Hún hefur staðið af sér, eldgos, jarðskjálfta, kórónaveiru og aðrar náttúruhamfarir í gegnum tíðina og verið haldin bara árlega.

Jón Ómar Árnason

brú á milli djasstónlistar og klassískrar tónlistar. Í verkinu sameinast nútímadjass, klassísk tónlist, tónlist fyrir stórsveit og kórtónlist. Þetta er í rauninni svona nútímaleg sálumessa,“ segir Jón Ómar.

Staðið af sér náttúruhamfarir

Að sögn Jóns Ómars er dagskrá Jazzhátíðar einstaklega vegleg í ár.

„Í gegnum alla vikuna þá eru náttúrliga bara alveg frábærir tónleikar. Mikið af íslensku tónlistarfólki að flytja sína tónlist, mjög áhugavert samstarfsverkefni danska gítarleikarans Jakobs Bro með Óskari Guðjónssyni og Skúla Sverrissyni, svo má nefna gítarleikarann Jonathan Kreisberg frá Bandaríkjunum á opnunarkvöldinu.“



Verkið Requiem eftir danska tónskáldið Jakob Buchanan brúar bilið á milli djasstónlistar og klassískrar.

MYND/PER BERGMANN

Jazzhátíð Reykjavíkur var stofnuð árið 1990 og er þetta því í 32. sinn sem hátíðin er haldin en ólíkt flestum öðrum tónlistarhátíðum hélt Jazzhátíð velli þrátt fyrir Covid og samkomutakmarkanir.

„Ég var að skrifa ávarp í bækling Jazzhátíðar og þetta er í rauninni í 32. sinn sem Jazzhátíð fer fram, ég held að hún sé næstelsta tónlistarhátíð á Íslandi á eftir Myrkum músikdögum. Hún hefur staðið af sér, eldgos, jarðskjálfta, kóróna-

veiru og aðrar náttúruhamfarir í gegnum tíðina og verið haldin bara árlega,“ segir Jón Ómar.

Hátt í 40 tónleikar og viðburðir verða haldnir á Jazzhátíð 2022 og alls munu tæplega 200 listamenn koma fram. Tónleikar hátíðarinnar fara fram víðs vegar um höfuðborgina en kvölddagskráin fer að mestu leyti fram í Hörpu.

Nánari upplýsingar um dagskrá og miðasölu má finna á reykjavikjazz.is. ■

Jón Ómar Árnason, framkvæmdastjóri og listrænn stjórnandi Jazzhátíðar, segir hátíðina í ár vera einstaklega veglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Framhald rúmunum sextíu árum síðar

tsh@frettabladid.is

Fjölskylda bandaríska rithöfundarins Shirley Jackson hefur lagt blessun sína yfir nýja skáldsögu sem er sjálfstætt framhald á klassískri draugasögu Jackson, The Haunting of Hill House. Bókin, sem er skrifuð af Elizabeth Hand, ber titilinn A Haunting on the Hill og er áætlað að hún komi út haustið 2023.

Shirley Jackson, sem lést árið 1965, er einn þekktasti hryllings-sagnahöfundur bandarískrar bókmenntasögu.

„Við teljum að þessi byrjun á samstarfi við Liz Hand muni auka enn frekar á vaxandi bókmenntaarfleifð Shirley Jackson og hjálpa til við að viðhalda bókmenntalegum áhrifum hennar vel inn í 21. öldina,“ segir í yfirlýsingu frá syni Jackson, Laurence Jackson Hyman.

The Haunting of Hill House er gotnesk draugasaga frá 1959 sem fjallar um fjórar manneskjur sem heimsækja afskekkt sveitasetur til að rannsaka meintan draugagang. ■

Lög úr Þjóðarsál Íslendinga í nýjum búningi

tsh@frettabladid.is

Gítarleikarinn Ómar Guðjónsson sendir frá sér plötuna Ómar Fortíðar í dag þar sem hann flytur þekkt lög úr Þjóðarsál Íslendinga á svokallaðan fetilgítar (e. pedal steel guitar). Með Ómari leika þeir Matthías Hemstock á slagverk og Tómas Jónsson á píanó og hljóðgerfla og munu þeir flytja plötuna í heild sinni á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu næsta sunnudag á vegum Jazzhátíðar.

Lögin á plötunni eru öll frá árunum 1930 til 1960 og koma meðal annars úr smíðju Karls O. Runólfssonar, Jónasar Tómassonar, Árna Thorsteinssonar og Bjarna Þorsteinssonar. Ómar segir hljóðheim plötunnar vera víðan og breimandi.

„Uppistaðan er slagverk og syntha-bassi, síðan er preppað píanó sem er teipað þannig að öll hljóðin eru frekar stutt eða staccato á fagnáli. Þetta var hljóðheimur sem hentaði vel hljóðfærinu sem er í aðalhlutverki og er í raun og veru söngvarinn á plötunni sem spilar

laglínurnar, sem er þessi fetilgítar.“

Það sem er sérstakt við fetilgítarinn er að gítarleikarinn stjórnar hljóðfærinu bæði með höndum og fótum sem gerir það að verkum að úr tónunum næst mikið víbratö og mikil dýpt í túlkun að sögn Ómars.

Hvada lög flytjið þið á plötunni?

„Þekktasta lagið er kannski í fjarlægð eftir Karl O. Runólfsson en síðan er þetta mikið það sem Stefán Íslandi var að syngja, svona sem dæmi. Þetta er svona frá 1930 til 1960, gömul sönglög sem óperusöngvarar og kvartettar voru að taka.“

Önnur lög sem Ómar og félagar flytja á plötunni eru til dæmis Þú komst í hlaðið eftir Davíð Stefánsson og Nótt eftir Árna Thorsteinsson.

„Þetta er eitthvað sem lifir frá gömlum tíma og er svolítið í undir-medvitund þjóðarsálarinnar,“ segir Ómar.

Ómar Fortíðar kemur út á streymisveitum í dag og er platan væntanleg á víníl síðar í vetur. Útgáfutónleikarnir fara fram í Kaldalóni í Hörpu á sunnudag klukkan 19.30. ■



Ómar Guðjónsson leitar í íslenskan tónlistararf á nýjstu plötu sinni Ómar Fortíðar sem kemur út í dag.

MYND/SPESI

Lyfjavali



HEILSA & HAMINGJA

Nýtt bílaapótek í Suðurfelli

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt



OPIÐ
9-18

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd
Bílaapótek Hæðasmára • Apótek Suðurnesja • Bílaapótek Suðurfelli

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Grótta - Afturelding).
- 20.00 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Grótta - Afturelding).
- 20.30 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Grótta - Afturelding).
- 21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 17.20 Spin City**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 American Housewife**
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelorette**
- 21.40 The 9th Life of Louis Drax**
- 23.30 Top Secret!** Í þessari mynd skopstæla Zucker og Abrams aðallega Elvis Presley-myndir og myndir um seinni heimsstyrjöldina.
- 01.00 Crawl**
- 02.25 Case 39**
- 04.10 TónlistF**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Sumarlandabrot**
- 13.15 Útsvar 2013-2014** Fjarða- byggð - Norðurþing.
- 14.20 Hundalíf**
- 14.30 Stíklur** Í fjörðum.
- 15.10 91 á stöðinni**
- 15.30 Tónstofan** Hilmar Örn Hilmarsson.
- 15.55 EM í sundi** Bein útsending frá keppni á EM í sundi á Ítalíu.
- 17.50 Villtir leikfélagar**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Maturinn minn**
- 18.12 Ósagða sagan**
- 18.40 Lúkas í mörgum myndum**
- 18.47 KrakkaRÚV - Tónlist**
- 18.50 Lag dagsins** Krassasig - Einn dag í einu.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.50 Ég heiti William** Jeg er William
- 21.15 Shakespeare and Hathaway** Shakespeare and Hathaway
- 22.00 Maðurinn sem drap Don Kikóta** The Man Who Killed Don Quixote Gamanmynd frá 2018 um leikstjórannt Toby Gisoni sem leikstýrði mynd um Don Kikóta snemma á ferli sínum. Mörgum árum síðar hittir hann aðalleikara myndarinnar sem heldur nú að hann sé hinn raunverulegi Don Kikóti og telur að Toby sé aðstoðarmaður sinn, Sancho Panza, og í kjölfarið hefst ótrúleg atburðarás. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.10 Ófærð II**
- 01.00 Dagskrárlök**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.15 Dýraspítalinn**
- 09.45 Spegill spegill**
- 10.10 Supernanny US**
- 10.50 Hvar er best að búa?**
- 11.30 10 Years Younger in 10 Days**
- 12.15 30 Rock**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Börn þjóða**
- 13.25 Ghetto betur**
- 14.15 All Rise**
- 14.55 Grand Designs**
- 15.40 Jón Arnór**
- 16.40 Real Time With Bill Maher**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.45 Wipeout**
- 19.30 Nowhere Special**
- 21.05 The Ice Road** Hörkuspennandi mynd frá 2021 með Liam Neeson í aðalhlutverki. Þegar demantanáma hrynur í Norður-Kanada fer trukka-bílstjóri, sem er alvanur akstri á ísilögðum vegum, fyrir björgunarleiðangri yfir frosið haf til að bjarga lífi námuverkamanna sem sitja fastir inni í námunni.
- 22.50 The Matrix Reloaded**
- 01.00 Walking Out** David er 16 ára drengur og skilnaðar-barn sem hefur lítið kynnst föður sínum, Cal, en hann býr á æskuslóðum sínum á hálendi Montana-ríkis. Dag einn býður Cal honum að koma með sér í skotveiði uppi í fjöllumunum.
- 02.35 The Mentalist**
- 03.15 30 Rock**
- 03.40 All Rise**

Fréttir vikunnar í aðalhlutverki á Fréttavaktinni

Fréttavaktin er á Hringbraut í kvöld klukkan 18.30 – og það vel að merkja í opinni dagskrá, landsmönnum að kostnaðarlausu, en eins og fyrri föstudagana fá fréttamenn vaktarinnar til sín valinkunna álitsgjafa í lok vikunnar til að fara yfir helstu fréttamál liðandi stundar – og vafalítið ber rússneskar hótanir á góma og gosið í Meradölum – og allt þar á milli. ■



Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Horvath átti leik gegn Udovic í Zagre árið 1948.

1.Rg6+! Ke8 (1....fxg6 2. Dxe6+)
2.Dxe6+! fxe6 3.Hxe6+ Bxe6
4.He7# 1-0.
 Ólympíuskákmótinu lauk síðustu helgi. Úsbekistan vann afar óvæntan sigur í opnum flokki. Úkraína vann sigur í kvennaflokki. Íslenska liðið í opnum flokki var efst Norðurlanda ásamt Svíum. Kvinnaliðið náði sér ekki á strik á mótinu.

www.skak.is: Íslendingar tefla erlendis.

Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 nísti
- 5 sönghópur
- 6 skjáta
- 8 ofbjóða
- 10 tveir eins
- 11 röst
- 12 lögun
- 13 trú
- 15 batna
- 17 svíkja

LÓÐRÉTT

- 1 markskífa
- 2 rúst
- 3 óhljóð
- 4 ásakaði
- 7 svifdýr
- 9 einmæli
- 12 æsa
- 14 dinglandi
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 stakk, 5 kór, 6 ær, 8 ofgera, 10 tt, 11 íu, 12 snið, 13 álit, 15 lagast, 17 falsa. LÓÐRÉTT: 1 skornál, 2 töft, 3 arg, 4 kæról, 7 rauðata, 9 eintal, 12 síga, 14 laf, 16 ss.

Sudoku

	5	3						1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4				1
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
		3					4	
			6			9	5	
8	7		1		3			
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Þar sem ekki er til nein skynsamleg trú Nei, nú ertu í þá hef ég ákveðið ruglinu en að búa til nýja trú. endillega segðu mér meir!

Ponduismi er algjörlega frjálst og hefur í raun bara eitt boðarð. Sem er?

Þú mátt ekki haga þér eins og algjör vanviti. Bara stutt og laggott – einfalt og gott.

Já, en allir eiga að vera með myndna hatta. Elvar kom með það. En þú? Mátt þú sleppa við hattana? Ég ræð því.

Missti báða fótleggina eftir skíðaslysið á Tröllaskaga

Bandaríkjamaðurinn Daniel Hund, sem hrapaði tugi metra á fjallaskiðum á Tröllaskaga í mars, missti báða fótleggina eftir slysið og minnstu munaði að hann tapaði einnig handleggjunum. Hann og Sierra, kona hans, voru hér að fagna brúðkaupsafmæli sínu, þegar örlögin gripu í taumana – og takast nú á við gerbreyttar aðstæður í lífi sínu.



Ekki nein miðaldrakrísa

Árni Árnason ákvað fyrir nokkrum árum að gera tilraun til að kveikja aftur neistann sem honum fannst hafa kulnað. Hann seldi fyrirtæki í góðum rekstri, sneri baki við starfi til tveggja áratuga og settist við skriftir.



Siðferðisleg skylda að verða eftir

Dr. Sasha tók við starfi fulltrúa Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna í Afganistan á umbrotatímum. Hann segir það aldrei hafa komið til greina að yfirgefa landið þrátt fyrir valdatöku Talibana.

50%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SUMARHÚSGÖGNUM



STOCKHOLM
3ja sæta útisófi, natur. 212 x 88 x 80 cm.
87.495 kr. ~~174.990 kr.~~



STOCKHOLM
Sólbekkur, natur. 195x60x44 cm.
34.995 kr. ~~69.990 kr.~~



STOCKHOLM
Útihornsófi, natur. Slitsterkt Olefin áklæði á sessum.
252 x 252 x 85 cm. **144.995 kr.** ~~289.990 kr.~~



STOCKHOLM
Skammell natur eða dökkgrátt með gleri og pullu.
47 x 47 x 41 cm.
29.995 kr. ~~59.990 kr.~~



STOCKHOLM
Útisófaborð natur eða dökkgrátt með gleri.
90 x 90 x 46 cm. **24.995 kr.** ~~49.990 kr.~~



STOCKHOLM
Útisófasett, 3ja sæta. Dökkgrár.
212 x 88 x 80 cm. **87.495 kr.** ~~174.990 kr.~~



STOCKHOLM
Útiarmstóll. Dökkgrár eða natur.
86 x 88 x 80 cm. **32.995 kr.** ~~65.990 kr.~~



ASHFIELD
Útiarmstóll. 70 x 82 x 93 cm. **44.995 kr.** ~~89.990 kr.~~
Skammell með sessu. 54 x 50 x 44 cm. **14.995 kr.** ~~29.990 kr.~~

ASHFIELD
3ja sæta sófi, grár.
186 x 82 x 93 cm.
79.995 kr. ~~159.990 kr.~~



BERMUDA
Útisófi, 4 einingar. Hægt að raða saman á marga vegu.
Einingar: 2 x 154,5x83x66 cm. og 2 x 83x83 cm.
Glerplata og pulla fylgir minni einingunum. **69.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

60%
AFSLÁTTUR

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**


Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



Juan Pablo vill endilega halda áfram að lífga upp á borgina með götulist sinni og biður almenning um ábendingar um veggj sem hefðu gott af andlitslyftingu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Juan leitar að fleiri veggjum

Myndlistarmaðurinn Juan vill ólmur halda áfram að lífga upp á borgarmyndina og leitar nú til almennings í ýmsum hverfahópum á Facebook þar sem margir hafa svarað ákalli hans um ábendingar um auða veggj fyrir hann að myndskreyta.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég er að leita að veggjum!“ segir myndlistarmaðurinn Juan sem hefur hefur slegið í gegn með skemmtilegum götulistaverkum sínum sem hann sýnir meðal annars á Instagram. Þekktasta verk hans hingað til er líklega Super Mario-grindverkið í Vesturbænum sem hefur vakið mikla athygli og ánægju á Melunum.

„Ég mála gjarnan eftir óskum og fer í gegnum ákveðið hugmyndaferli með eigendum veggjanna en stundum finnst mér gaman að sleppa því,“ segir Juan sem hefur birt óskir um ábendingar um veggj sem þarfnast andlitslyftingar í íbúahópum allt frá Breiðholti og vestur í bæ.

Tilraunir á steinsteypu

„Mér finnst gaman að gera það af og til vegna þess að hitt ferlið er töluvert flóknara og hægara. Þess vegna þarf ég á því að halda að geta sleppt fram af mér beislinu og geta bara



Þegar ég vinn lengi eftir óskum annarra finnst mér ég missa tengslin við listamanninn í sjálfum mér.

staðið fyrir framan vegginn með engin plön. Finna litina sjálfur og sjá hvað gerist. Þegar ég vinn lengi eftir óskum annarra finnst mér ég missa tengslin við listamanninn í sjálfum mér,“ útskýrir Juan.

Hann segist jafnan reyna að vinna í þremur til fjórum veggjum samtímis. „Þar sem ég get bara gengið að og prófað eitthvað nýtt. Þetta eru í raun mínir eigin tilraunastofuveggir,“ segir Juan og hlær.

Juan segir fólk hafa verið duglegt að benda honum á hentuga veggj. Í íbúahópi Breiðholts hafa til dæmis nokkrir íbúar tekið myndir af alls kyns gráleitum og óspennandi veggjum og birt þær í athugasemdum við færslu Juans.

Almennur áhugi

„Það er fullt af fólki sem hefur bent mér á veggj og er sátt við að vita ekki hver útkoman verður,“ heldur Juan

áfram og bætir við að þessi mikli áhugi hafi komið honum skemmtilega á óvart.

„En svo er reyndar alltaf fólk sem tekur myndir af veggjum að heiman og segir við mig „Hey! Þessi veggur er geggjaður! Málaðu hann!“ og ég spyr: „Ert þú eigandinn?“ og þá er svarið: „Ehh, nei, reyndar ekki,“ segir Juan og skellir upp úr.

Hann segir það algengara að fólk vilji hafa eitthvað um það að segja hvað fer á vegginn. „Sem ég skil mjög vel, ef þú ert að kaupa þér bíl þá viltu ákveðna hluti, að hann sé fjórhjóladrifinn og svo framvegis.“

Eins og tölvuleikur

Juan hefur sagst vilja gera Reykjavík að litríkari borg. „Það hefur gengið mjög vel! Þetta er eins og tölvuleikur. Ég fæ fleiri stig eftir því sem ég mála fleiri verk um borgina,“ segir Juan glettinn.

Hann segist vera að vinna í því að koma upp korti af listaverkunum sínum. „Ég hef nefnilega fengið nokkrar fyrirspurnir frá fólki sem vill að ég gangi með þeim um borgina og segi frá verkunum mínum.“

Hugmyndin kviknaði þegar Hafnarfjarðarbær birti kort af skúlptúrum sem Juan gerði fyrir bæinn. „Fólk er líka að spyrja mig út í þetta og mér finnst það mjög íslenskt, enda Íslendingar með fræg kort af öllu, hvort sem það er Geysir eða fossarnir frægu.“ ■

Systur þyrla upp vegaryki

toti@frettabladid.is

Hljómsveitin Systur, Eurovisionfararnir Sigga, Beta og Elín, hafa unnið að lagasmíðum í sumar og senda frá sér sína fyrstu smáskífu, Dusty Road, á næstunni.

Þá leggja þær upp í tónleikaferð um landið í næstu viku og verða á ferðinni frá 17. til 27. ágúst og þá gefst fólki kostur á að heyra nýtt, frumsamið efni sem kemur út á væntanlegri plötu Systra á næsta ári.

Systur komu, sáu og sigruðu í Söngvakeppni sjónvarpsins fyrr á þessu ári með laginu Með hækkanði sól sem höfundurinn Lay Low bað þær um að flytja. Síðan lá leið þeirra á Eurovision til Ítalíu eins og frægt er orðið.

Vinna þeirra við Með hækkanði sól gerði þeim ljóst hversu vel tón-



Systur leggja af stað í næstu viku en miðasalan er komin af stað á Tix.is.

MYND/RUT SIG.

Viðkomustaðir Systra

- 17.08.** Hvolsvöllur, Midgard Base Camp
- 20.08.** Reykjavík, Menningar- nött, Hljómskálagarður
- 24.08.** Akureyri, Græni hatturinn
- 25.08.** Húsavík, Gamli baukur
- 26.08.** Siglufjörður, Kaffi rauðka
- 27.08.** Hafnarfjörður, Bæjarbíó

listarstefnan á við þær og þær grófu upp nokkur lög sem þær höfðu samið í þessum stíl. Þannig má því búast við þjóðlagaskotnu efni frá þeim með tengingum við bandaríska sveitatónlist sem hefur alltaf átt stórt pláss í hjörtum þeirra. ■

Forsala í fullum gangi!

SÖNGLEIKURINN

SEM Á HIMNI



Sýningar
hefst
16. sept!

Þjóð
leik
húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is



Bakþankar



Svanborgar Sigmarsdóttir

Gefum ekki tommu eftir

Konu, sem sagði upp störfum sínum í vikunni, var sagt það til hnjóðs að hún væri kona sem vildi ná málamiðlun og semja. Hún kom jú að gerð „Grænbókar“ sem er ekki kjarasamningur heldur greining á stöðunni til að samningsaðilar séu sammála um hvaðan sé verið að semja. Fyrir suma hljómar það greinilega stórhættulegt að þurfa ekki að byrja á að rifast um fyrirbyggjandi gögn og stöðu. Og vilja frekar sóa tíma okkar allra.

Og undir kom kórinn sem sagði að það væri alveg agalegt að hafa einhvern í hagsmunabaráttu sem vildi ná samningum. Skilaboðin voru, ef þú nærð samningum þá ertu að vinna fyrir andstæðinginn. Samningar þýða alltaf að hægt hefði verið að fá meira. Samningar og málamiðlanir þýðir að við höfum tapað.

Samningar snúast ekki sist um tilfinningar og væntingar. Það er hægt að ganga út með arfalélegan samning og upplifa sig sem sigurvegara. Ég hef líka gengið út, þar sem gengið var að öllum mínum kröfum og gott betur en mér fannst samt að ég hefði tapað. En hvort sem tilfinningin sem fylgir samningum er jákvæð eða neikvæð, þá þurfum við flest að semja og gera málamiðlanir. Jafnvel á hverjum degi þegar við semjum um hver eldar í kvöld og hver vaskar upp.

Þau sem ekki kunna þessa list að semja sig niður að niðurstöðu ná yfirleitt að semja sig út í horn. Jafnvel karlar í krapinu sem segjast ekki gefa tommu eftir. En freki karlinn öðlast ekki virðingu út á slíka samningataktík, heldur með því að lenda góðum samningi. Og við þurfum öll að semja um eitt-hvað. Alla daga. ■



SUMARÚTSÖLU BETRA BAKS LÝKUR UM HELGINA

40% AF DIMMA RÚMFÖTUM

60% AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER
 Gæsadúnn.
 90 x 200 cm. Verð: 30.900 kr. Nú 12.360 kr.
 160 x 200 cm. Verð: 56.900 kr. Nú 22.760 kr.
 180 x 200 cm. Verð: 60.900 kr. Nú 24.360 kr.

20% AF SÆNGUM OG KODDUM

30% AFSLÁTTUR

HORSENS
 Hægindastóll, rafdrifinn.
 Svart leður. Verð: 269.900 kr.
 Nú 188.930 kr.

20% AFSLÁTTUR AF TEMPUR

TEMPUR

10-40% AF HEILSUINNISKÓM

FRÍTT KAFFI
 ALLAN HRINGINN

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentviltur.